



Kvennasmiðjan

Leið til aukinna lífsgæða

Áhrif endurhæfingar á einstæðar mæður með langvarandi félagslegan vanda.

Kristín Lilja Diðriksdóttir, félagsráðgjafi
Apríl 2008

EFNISYFIRLIT

Töflur	4
Myndir	5
Inngangur	6
Aðferð	7
Þátttakendur.....	7
Framkvæmd.....	7
Um Kvennasmiðjuna.....	8
Endurhæfingaráætlun Kvennasmiðjunnar	8
Námsfyrirkomulag á endurhæfingartímabilinu	9
Mætingarskylda og brottfall	9
Fjöldi útskrifaðra eftir hópum og tímabilum	10
Bakgrunnur og aðstæður	11
Aldur.....	11
Fjöldi barna.....	11
Hjúskaparstaða	12
Húsnæðisaðstæður.....	13
Áhrif endurhæfingar á húsnæðisstöðu	14
Staða.....	15
Atvinnustaða.....	15
Áhrif þátttöku á lífsgæði	17
Atvinnustaða og lífsgæði.....	18
Möguleikar til atvinnuþátttöku	18
Kvennasmiðjunni.....	19
Fjárhagsleg staða	19
Félagsleg tengsl	20
Uppeldishlutverkið	21
Líðan barna.....	22
Sjálfsmynd.....	23
Fjölskyldutengsl	24
Mat þátttakenda á Kvennasmiðjunni.....	25
Niðurstöður	26
Rannsókn á lífsgæðum eftir endurhæfingu í Kvennasmiðju	28
Inngangur	28
Rannsóknaraðferð.....	28
Undirbúningur	29
Þátttakendur.....	29
Gagnasöfnun	30
Skráning og úrvinnsla ganga	31
Niðurstöður rannsókna.....	32
Sjálfsmynd og uppeldisaðstæður.....	32
Öðruvísi fjölskylda og skömm	32
Skert sjálfsmynd.....	34
Ofbeldi og vanræksla	35
Skólaganga og stuðningur	36
Heimilisaðstæður.....	36
Námsörðugleikar	37
Sambúðar- og atvinnusaga	39
Ofbeldi í sambúð	39
Erfiðleikar í sambúð	40

Stuðningsleysi	41
Veikindi og fátækt	42
Undirbúningur og stuðningur	43
Sjálfsmynd og lífsgæði eftir þátttöku í Kvennasmiðju	46
Sjálfsmynd	46
Fjölskyldutengsl	47
Stuðningur frá hinu opinbera	48
Samantekt og niðurstöður	49
Lokaorð	51
Heimildaskrá	53
Viðauki I. Þátttökusamningur Kvennasmiðjunnar	54
Viðauki II. Umsókn í Kvennasmiðjuna	56

TÖFLUR

Tafla 1. Heildarfjöldi útskrifaðra úr hópi 1 til 7 eftir tímabilum	9
Tafla 2. . Aldur kvennanna sem lokið hafa endurhæfingu.....	10
Tafla 3. Fjöldi barna á hverja móður.....	11
Tafla 4. Hjúskaparstaða í lok ársins 2007.....	12
Tafla 5. Húsnæðisaðstæður í lok ársins 2007.....	13
Tafla 6. Húsnæðisstaða.....	14
Tafla 7. Atvinnustaða að lokinni Kvennasmiðju.....	16
Tafla 8. Lífsgæði	17
Tafla 9. Atvinnumöguleikar.....	19
Tafla 10. Fjárhagsstaða.....	21
Tafla 11. Félagsleg tengsl.....	22
Tafla 12. Sem uppalandi.....	23
Tafla 13. Líðan barnanna.....	24
Tafla 14. Sjálfsmynd.....	25
Tafla 15. Tengsl við fjölskyldu.....	26
Tafla 16. Sameiginlegar athugasemdir um áhrif Kvennasmiðju	27

MYNDIR

Mynd 1. Hjúskaparstaða.....	12
Mynd 2. Húsnæðisaðstæður.....	14
Mynd 3. Húsnæðisstaða.....	15
Mynd 4. Atvinnusatða.....	17
Mynd 5. Lífsgæði	18
Mynd 6. Áhrif stöðu á lífsgæði.....	19
Mynd 7. Atvinnumöguleikar.....	20
Mynd 8. Fjárhagsstaða.....	21
Mynd 9. Félagsleg tengsl.....	22
Mynd 10. Sem uppalandi.....	23
Mynd 11. Líðan barnanna.....	24
Mynd 12 Sjálfsmynd.....	25

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gert grein fyrir niðurstöðum könnunar meðal kvenna sem lokið hafa þátttöku í endurhæfingaráræðinu Kvennasmiðjunni. Hvatn að þessari rannsókn er beiðni skrifstofustjóra Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem taldi æskilegt að fá upplýsingar um reynslu þátttakenda af endurhæfingaráræðinu með tilliti til áfrahaldandi þróun þess. Skýrslan skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn er meginleg rannsókn og fjallar um könnun sem var gerð meðal þátttakenda sem lokið hafa endurhæfingaráræðinu Kvennasmiðjunni. Könnunin var lögð fyrir í nóvember og desember 2007. Síðari hlutinn er eigindleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við 10 konur sem einnig hafa lokið Kvennasmiðjunni. Viðtölin voru tekin á tímabilinu febrúar 2006 til janúar 2008. Markmiðið er að kanna hvernig endurhæfingaráræðið Kvennasmiðjan hefur nýst þátttakendum þegar til lengri tíma er litið og kanna stöðu og líðan kvennanna sem lokið hafa endurhæfingunni. Í báðum rannsóknunum er um að ræða þátttakendur sem lokið hafa endurhæfingu fyrir minnst ári síðan eða úr hópi 1 til 7. Skýrslan inniheldur tölfræðilegar upplýsingar um stöðu og líðan 64 þátttakenda ásamt nánari lýsingum á upplifun og líðan 10 þeirra. Fyrst verður fjallað um aðferð og framkvæmd meginlegu rannsóknarinnar veturinn 2007-2008 og þá niðurstöður settar fram. Síðan verður fjallað um aðferð og framkvæmd eigindlegrar rannsóknar og niðurstöður settar fram. Að endingu eru niðurstöður úr rannsóknunum bornar saman.

AÐFERÐ

ÞÁTTTAKENDUR

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr könnun sem lögð var fyrir alla þátttakendur í Kvennasmiðjunni sem lokið hafa endurhæfingu fyrir áramótin 2006/2007. Fjöldi kvennanna í fyrstu 7 hópunum sem hafa hafið þátttöku frá upphafi er 116. Af þeim hafa 69 konur lokið þátttöku eða 59%. Kvennasmiðjan hóf göngu sína í apríl 2001. Í desember 2007 hafa 10 hópar hafið þátttöku og þar af 8 hópar útskrifast úr Kvennasmiðjunni. Úrtakið eru allar konurnar sem lokið hafa endurhæfingu í hópi 1 til 7 eða frá upphafi Kvennasmiðjunnar fram til desember 2006. Hér er ekki um hefðbundna úrtakskönnun að ræða þar sem hún er lögð fyrir allt þýðið. Spurt var um aldur atvinnustöðu, hjúskaparstöðu, húsnæðisstöðu og fjölda barna. Einnig var spurt um áhrif þátttöku á þætti eins og lífsgæði, möguleika til atvinnuþátttöku, fjárhagsstöðu, félagsleg tengsl, konurnar sjálfar sem uppalandur, líðan barna, sjálfsmynd, fjölskyldutengsl og ýmsa aðra þætti sem konurnar vildu koma á framfæri um Kvennasmiðjuna.

FRAMKVÆMD

Framkvæmd rannsóknarinnar var þannig háttáð að bréf var sent til allra kvennanna sem lokið höfðu endurhæfingu í Kvennasmiðjunni fyrir lok ársins 2006, þar sem óskað var eftir þátttöku þeirra. Tekið var fram að konunum væri heimilt að hafna þátttöku og/eða þeim væri ekki skylt að svara spurningunum sem lagðar yrðu fyrir þær. Rannsakandi hafði síðan samband við konurnar símleiðis þar sem lagðar voru fyrir þær staðlaðar spurningar. Jafnframt var þeim gefinn kostur á að koma á framfæri öðrum athugasemdum um reynslu sína af því að hafa trekið þátt í úrræðinu. Rannsakandi skráði niður svör þátttakenda á spurningarlistana. Svör voru ekki merkt nafni, kennitölu eða þeim hóp sem viðkomandi tilheyrði meðan hann var í Kvennasmiðjunni þannig að útilokað er að rekja svör til einstakra þátttakenda. Þátttakendur voru beðnir um að svara spurningum eftir bestu samvisku. Könnunin fór fram í lok nóvember og í byrjun desember 2007. Gildandi svör fengust frá 64 konum úr hópi 1 til 7 eða 93% af öllum konunum í úrtakinu.

UM KVENNASMIÐJUNA

Kvennasmiðjan er samstarfsverkefni Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Tryggingastofnunar ríkisins. Verkefnið er hugsað fyrir einstæðar mæður á aldrinum 24-45 ára sem eiga við langvarandi félagslegan vanda að stríða. Um er að ræða endurhæfingarúrræði fyrir einstæðar mæður sem eiga það sameiginlegt að hafa gengið illa að fóta sig á vinnumarkaði og í námi vegna heilsufars-og/eða félagslegra aðstæðna. Markmið verkefnisins er að bæta lífsgæði þátttakenda og styðja þá út á vinnumarkað eða í frekara nám.

ENDURHÆFINGARÁÆTLUN KVENNASMIÐJUNNAR

Námið í Kvennasmiðjunni er þríþætt. Það er sjálfstyrkjandi, hagnýtt og skapandi. Sjálfstyrking er rauður þráður í námi og starfi Kvennasmiðjunnar. Náminu er skipt niður í sex þætti sem ná yfir 18 mánaða tímabil og felst í bóklegu námi hjá Námsflokkum Reykjavíkur, bók- og verklegu námi við Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, áframhaldandi bóklegu námi hjá Námsflokkunum, sumarnámskeiði þar sem áhersla er lögð á útiveru og hreyfingu, bóklegt nám hjá Námsflokkunum og að lokum námskeið þar sem farið er í hagnýtar leiðbeiningar varðandi atvinnuleit eða frekara nám. Tryggingastofnun greiðir þátttakendum endurhæfingarlífeyrir á námstímanum en Velferðasvið greiða allan námskostnað. Markmiðið er að alltaf séu tveir hópar starfandi í einu í verkefninu. Hóparnir byrja venjulega á endurhæfingunni í september eða í byrjun janúar og hafa því lokið henni ýmist í febrúar eða júní, 18 mánuðum síðar. Þetta fyrirkomulag kemur til vegna aðstæðna hjá stofnununum sem tekið hafa að sér að sjá um kennslu fyrir hópana á endurhæfingartímabilinu. Ekki hefur verið rými fyrir fleiri hópa í einu á hverjum stað. Jafnframt hefur ekki verið nægilega mikið af félagsráðgjöfum inni á þjónustumiðstöðunum til að halda utan um verkefnið þar sem fleiri hópar í einu á sama tíma í endurhæfingunni kalla á mun meiri vinnu (Fundargerðir stýrihóps Kvennasmiðjunnar 2001-2005).

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar frá upphafi verkefnisins. Reynt hefur verið að koma til móts við óskir og þarfir þátttakenda hverju sinni. Þar sem um er að ræða einstaklinga sem ekki hafa verið á vinnumarkaði um nokkurt skeið og eiga við langvarandi félagslega erfiðleika að stríða hefur þeim sumum hverjum reynst erfitt að uppfylla kröfur um mætingu og gera grein fyrir forföllum. Fljótlega eftir að verkefnið fór af stað var ákveðið að hluti af endurhæfingunni skyldi felast í því að ná tókum á því að skipuleggja tíma sinn, uppfylla kröfur um mætingar og gera grein fyrir forföllum. Má þar nefna aukna stærðfræðikennslu sem komið var á 2004, reykinganámskeiði sem haldið var eina önn í hópi 2 að ósk þátttakanda og námskeiðinu “Að alast upp aftur” sem kennt var fyrst haustið 2005. Þar sem um er að ræða þróunarverkefni hefur skipulagning þess sífellt verið að taka einhverjum breytingum. Grundvöllurinn fyrir þeim er reynsla af fyrirkomulagi á kennsluþáttum og óskir þátttakenda þar að lútandi (Fundargerðir stýrihóps Kvennasmiðjunnar 2001-2005; Velferðarsvið Reykjavíkur, e.d). Námið í Kvennasmiðjunni er á framhaldsskólástigi og geta nemendur fengið einingar fyrir námskeiðin.

NÁMSFYRIRKOMULAG Á ENDURHÆFINGARTÍMABILINU

Endurhæfingarverkefni Kvennasmiðjunnar saman stendur af þremur þáttum eins og áður hefur komið fram. Við upphaf endurhæfingarinnar fá þátttakendur dagbækur þar sem áhersla er lögð á tímastjórnun auk þess sem þær fá leiðsögn í notkun þeirra (Velferðarsvið Reykjavíkur, e.d.).

1. Fyrsti þáttur námsins hefst á sjálfstyrkingu sem er síðan mánaðarlega út endurhæfingartímabilið. Einnig er um að ræða nám hjá Námsflokkum Reykjavíkur þar sem lögð er áhersla á að auka við bóklegt og verklegt nám kvennanna ásamt lífsleikni. Þátttakendur fá tilsögn í handverki ýmiskonar og fjármálanámskeið með leiðsögn varðandi heimilisbókhald og hvernig þær geta aukið möguleika sína á að bæta fjárhagslega stöðu, en margar hverjar eru með meira á milli handanna en þær eru vanar vegna endurhæfingarlífeyrisins.
2. Annar þáttur námsins felst í námskeiði hjá Hússtjórnarskóla Reykjavíkur þar sem þátttakendur eru undirbúnir undir störf í eldhúsum og mötuneytum. Megin áhersla þessa námsþáttar er að auka möguleika þátttakenda á almennum vinnumarkaði.
3. Þriðji þáttur námsins er áframhaldandi bóklegt nám hjá Námsflokkum Reykjavíkur.
4. Fjórdi þáttur námsins felst í sumarnámskeiði hjá þeim hópum sem hefja þátttöku að hausti en annar þáttur hjá hópum sem hefja þátttöku um áramót. Sumarnámskeiðið miðar að því að auka lífsgæði þátttakenda þar sem leitast er við að gefa þeim innsýn frístundir þ.m.t. útivist.
5. Fimmti þáttur námsins felst í bóklegu námi hjá Námsflokkunum. Námsefnið er miðað við þarfir hvers og eins. Þátttakendur eru undirbúnir undir frekara nám eða þátttöku á vinnumarkaði.
6. Sjötti þáttur námsins er lokanámskeið. Áhersla er lögð á sjálfsstyrkingu, leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi frekara nám og/eða atvinnuleit og samskipta og starfsráðgjöf. Að loknum þessum þætti endurhæfingarinnar eru nemendurnir útskrifaðir og árangur þeirra metinn með hliðsjón af þáttum endurhæfingarinnar (Velferðarsvið Reykjavíkur, e.d.).

Í upphafi endurhæfingarinnar er farið yfir stöðu hvers og eins nemanda þar sem hún er metin. Reynt er að koma til móts við þá sem eiga við námsörðugleika að stríða eins og lesblindu (Anna María Jónsdóttir, 2003).

MÆTINGARSKYLDA OG BROTTFALL

Mætingarskylda er í Kvennasmiðjuna og litið er svo á að hluti af endurhæfingunni felist í að ná að skipuleggja tíma sinn og uppfylla kröfur um mætingar. Reglulega er ítrekað við þátttakendur hve mikilvæg góð mæting er og að tilkynna beri til námskeiðshaldara ef um forföll er að ræða. Tímasókn í námskeiðsþættina er 12-15 tímar á viku sem leiðir til þess að ekki þarf að vera um margar fjarvistir að ræða til að fara niðurfyrir viðunandi mætingarskyldu sem er um það bil 90%. Eftir langvarandi atvinnuleysi og einangrun getur verið erfitt að uppfylla slíkar kröfur um mætingar. Fyrir kemur að mætingu er mjög ábótavant hjá sumum konunum eða um 20% -50% þá er farið sérstaklega í mál þeirra einstaklinga þar sem þeim er gefið tækifæri á að bæta mætingu

sína. Fyrir hefur komið í slíkum tilfellum að konurnar hafi tekið sig verulega á og hafi skilað í framhaldi fyrirmyndar mætingum (Anna María Jónsdóttir, 2003).

Markmið Kvennasmiðjunnar er að auka lífsgæði þátttakenda, styðja sem flestar þeirra út á vinnumarkað eða í frekara nám að endurhæfingunni lokinni. Samkvæmt rannsókn sem Anna María Jónsdóttir (2003) vann í samstarfi við þróunarsvið Félagsþjónustunnar í Reykjavík kemur fram að þrátt fyrir að haldið sé vel utan um mætingar kvennanna er mikið brottfall úr verkefninu. Margvíslegar ástæður geta legið að baki brottfalli þar sem um sundurleitan hóp er að ræða og hentar því endurhæfingin ekki öllum þátttakendum jafn vel. Einnig getur ástæðan legið í því að val inn í hópana í upphafi er ekki nægilega gott. Brottfall er töluvert úr verkefninu þar sem aðeins um helmingur kvennanna ljúka endurhæfingunni. Af þeim 116 sem hafa hafið þátttöku hafa 69 lokið Kvennasmiðjunni. Hver þáttur endurhæfingarinnar er skoðaður sérstaklega þegar hver hópur hefur runnið sitt skeið með það að sjónarmiði að mæta þörfum þátttakenda og ná sem bestum árangri.

Stýrihópur Kvennasmiðjunnar hefur einnig velt upp þeirri spurningu hvort Kvennasmiðjan sé að skila árangri þegar litið er til þess brottfalls sem hefur verið úr hópum endurhæfingarinnar. Taldi hópurinn nauðsynlegt að skoða ástæðuna fyrir brottfalli. Konum sem hætt höfðu þátttöku var boðið að taka þátt síðar og hefur ein kona hafið þátttöku aftur eftir brottfall og lokið Kvennasmiðjunni (Ella Kristín Karlsdóttir, munnleg heimild, 25. október, 2006). Nokkuð hefur verið um að konurnar eignist börn á endurhæfingatímabilinu. Einstaka þeirra hafa haldið áfram í endurhæfingunni eftir barnsburð og lokið henni. Flestar hafa þó hætt þátttöku í framhaldi sem skýrir nokkurn hluta brottfalls. Tekin hefur verið upp sú regla að konum er gert að hætta í verkefninu eftir fæðingu barns en boðið síðan aftur í aðra smiðju. Stýrihópurinn er með þessu að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi þ.e barnið á rétt á að móðir þess sé heima fyrstu 6 mánuðina eftir að það fæðist (Ella Kristín Karlsdóttir, munnleg heimild, 19. júlí, 2007).

Unnið hefur verið endurmati á starfsemi Kvennasmiðjunnar frá upphafi hennar á Þróunarsviði Reykjavíkurborgar og frá Velferðarsviði síðan sumarið 2005 (Drög að skýrslu um Kvennasmiðjuna 2003). Staða kvennanna sem lokið hafa Kvennasmiðjunni er misjöfn. Þær hafa farið í áframhaldandi nám, vinnu eða verið metnar til 75% örorku. Einnig hafa sumar þeirra farið aftur á framfærslu hjá Reykjavíkurborg.

FJÖLDI ÚTSKRIFAÐRA EFTIR HÓPUM OG TÍMABILUM

Kvennasmiðjan hóf göngu sína í apríl 2001. Sjö hópar höfðu lokið endurhæfingu í desember 2006. Tafla 1 sýnir hversu margar konur útskrifuðust úr hverjum hópi fyrir sig af þeim 7 hópum sem teknir eru fyrir í könnuninni.

Tafla 1. Heildarfjöldi útskrifaðra úr hópi 1 til 7 eftir tímabilum

Hópar nr.	Upphaf Endurh.	Fjöldi í upphafi	Útskriftar mánuður	Útskriftar ár	Fjöldi útskrifaðra	Hlutfall
1	apríl 2001	17	sept.	2002	9	12,9%
2	sept. 2001	17	feb.	2003	9	12,9%
3	sept. 2002	16	feb.	2004	12	17,1%
4	Jan. 2003	16	júní	2004	10	14,3%
5	sept. 2003	17	feb.	2005	12	17,3%
6	Jan. 2004	17	júní	2005	8	11,4%
7	Jan. 2005	18	júní	2006	9	12,8%
Samtals		116			69	100%

Flestar konurnar útskrifuðust úr hópi 5 eða 13 (18,6%) konur. Fæstar útskrifuðust hins vegar úr hópi 6 eða 8 (11,4%) konur.

BAKGRUNNUR OG AÐSTÆÐUR

ALDUR

Stuðst hefur verið við aldersreglu við inntöku í Kvennasmiðjuna. Úrræðið hefur verið ætlað fyrir konur á aldrinum 24 til 45 ára. Þó hafa verið gerðar undantekningar frá þessari reglu þar sem yngri konur hafa verið teknar inn.

Tafla 2. Aldur kvennanna sem lokið hafa endurhæfingu

Aldur	Fjöldi	Hlutfall
20-29	14	20%
30-39	45	65%
40-49	10	14,3%
Samtals	69	100%

Eins og fram kemur í töflu 2 þá eru flestar kvennanna sem lokið hafa endurhæfingunni á aldrinum 30-39 ára þ.e. 46 eða (66%) þeirra en fæstar á aldrinum 40-49 ára þ.e. 10 eða (14,3%) þeirra. Flestar kvennanna sem taka þátt í endurhæfingarúrræðinu eru um þrítugt eða á fertugsaldri þó hefur það aukist síðustu ár að yngri konur séu teknar inn í Kvennasmiðjuna (Fundargerðir stýrihóps 2001-2005).

FJÖLDI BARNNA

Þegar skoðaður er fjöldi barna þeirra sem lokið hafa þátttöku kemur í ljós að flestar kvennanna áttu 2 börn eða (37,5%). Ein kona átti flest börn eða 7 talsins. Samtals áttu konurnar 135 börn. Hér er miðað við þann fjölda barna sem konurnar áttu þegar könnin fór fram.

Tafla 3. Fjöldi barna á hverja móður

Fjöldi barna	Fjöldi mæðra	Hlutfall
1	6	9,4%
2	24	37,5%
3	16	25%
4	7	10,9%
5	8	12,5%
6	2	3,1%
7	1	1,6%
Samtals: 135	64	100%


Sumar konurnar hafa eignast börn eftir að þær útskrifuðust og hafa 14 börn bæst við barnafjöldan eins og hann var áður en upphaflegur fjöldi barna var 121 barn á 64 konur.

HJÚSKAPARSTAÐA

Þar sem Kvennasmiðjan er hugsuð fyrir einstæðar mæður mætti ætla að fjölskyldugerð þeirra væri á einn veg. Ein undantekning hefur verið gerð frá þeirri reglu að Kvennasmiðjan væri einungis fyrir einstæðar mæður þar sem tekin var inn gift kona. Slíkt reyndist ekki vel þar sem það olli miklum óróa meðal hópsins sem hún var þátttakandi í. Ástæðan lá í því að hún hafði aðra stöðu en hinar konurnar þar em hún var gift (Fundargerðir stýrihóps 2001-2005)

Tafla 4. Hjúskaparstaða í lok ársins 2007

Hjúskaparstaða	Fjöldi	Hlutfall
Einstætt foreldri	37	57,8%
Gift	5	7,8%
Sambúð	22	34,4%
Samtals	64	100%



Mynd 1. Hjúskaparstaða

Ef skoðuð er fjölskyldugerð kvennanna má sjá samkvæmt töflu 4 og mynd 1 að flestar þeirra voru einstætt foreldri þ.e. 37 eða (57,8%). Aftur á móti eru 5 kvennanna eða (7,8%) þeirra giftar og 22 eða (34,4%) þeirra í sambúð. Hjúskaparstaða um 42% kvennanna frá því á endurhæfingu stóð hefur því breyst.


HÚSNÆÐISAÐSTÆÐUR

Þegar skoðuð er húsnæðisaðstæður eða kvennanna eins og hún kemur fram í töflu 5 og á mynd 3 þá búa flestar þeirra í félagslegu leiguhúsnæði á vegum borgarinnar. Um er að ræða 34 konur (53,1%).

Tafla 5. Húsnæðisaðstæður í lok ársins 2007

Húsnæðisaðstæður	Fjöldi	Hlutfall
Eigið húsnæði	21	32,8%
Leiguhúsnæði á almennum markaði	9	14,1%
Félagslegt leiguhúsnæði	34	53,1%
Samtals	64	100%

Konurnar sem hafa tekið þátt í Kvennasmiðjunni hafa allar átt við langtíma félagslega erfiðleika að stríða. Einn liður félagslegra erfiðleika er húsnæðisleysi. Liður í þjónustu við notendur félagsþjónustu í þeirri stöðu er að útvega þeim húsnæði. Fæstar kvennanna búa í leiguhúsnæði á almennum markaði eða 9 (14,1%). Það er athyglisvert að 21 (32,8%) af konunum skuli vera komnar í eigið húsnæði þar sem staða þeirra sem hefja endurhæfingu í Kvennasmiðjunni er venjulegast ekki sú.




Mynd 3. Húsnæðisaðstæður

ÁHRIF ENDURHÆFINGAR Á HÚSNÆÐISSTÖÐU

Konurnar voru jafnframt spurðar að hvort þátttaka þeirra í Kvennasmiðjunni hafi breytt einhverju hvað varðaði húsnæðisstöðu þeirra. Fram kemur á töflu 10 og mynd 7 að flestar kvennanna eða 48 (75%) þeirra meta húsnæðisstöðu hvorki betri né verri en fyrir þátttöku. Hinsvegar eru það 16 (25%) konur sem telja húsnæðisstöðu sína frekar betri eða mikið betri en hún var fyrir þátttöku.

Tafla 6. Húsnæðisstaða

Viðhorf svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Hvorki betri né verri	48	75%
Frekar betri	13	20,3%
Mikið betri	3	4,7%
Samtals	64	100%



Mynd 3. Húsnæðisstaða

STAÐA


ATVINNUSTAÐA

Ef skoðuð er atvinnustaða kvennanna í töflu 7 og mynd 4 þ.e. hvort þær hafi farið í vinnu, skóla, örorku osf. eftir að endurhæfingu lauk kemur í ljós að flestar þeirra eru skráðar 75% öryrkjar þ.e. 38 (55%) þeirra. Af þeim eru 14 í námi eða (21,9%) og 9 í vinnu eða (14,1%). Kona sem lýkur Kvennasmiðjunni getur fengið samþykkt áframhaldandi endurhæfingarlífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins og farið í áframhaldandi nám ef hún hefur stundað endurhæfinguna vel og skilað viðunandi mætingum. Endurtekin endurhæfing getur numið allt að 18 mánuðum (Fundargerðir stýrihóps 2001-2005).

Tafla 7. Atvinnustaða að lokinni Kvennasmiðju

Atvinnustaða	Fjöldi	Hlutfall
Í vinnu	20	31,3%
Heimavinnandi	1	1,6%
Öryrki	15	23,4%
Nemi	3	4,7%
Annað	2	3,1%
Öryrki í námi	14	21,9%
Öryrki í vinnu	9	14,1%
Samtals	64	100%

Þær sem stunda vinnu og eru ekki skráðar öryrkjar eru 20 eða (31,3%) kvennanna. Þegar skoðaður er fjöldi allra þeirra sem eru í vinnu hvort sem þær eru skráðar öryrkjar eða ekki er um að ræða 29 konur eða (42%). Einnig ef skoðaður er fjöldi þeirra sem eru í námi hvort sem þær eru skráðar öryrkjar eða ekki eru það 17 konur sem eru í námi eða (26,5%). Af þeim eru einungis þrjár sem eru skráðar sem nemar.



Mynd 4. Atvinnustaða


ÁHRIF ÞÁTTTÖKU Á LÍFSGÆÐI

Megin markmið endurhæfingaverkefnisins Kvennasmiðjunnar er að auka lífsgæði þátttakenda. Spurt var við könnunina á átaksverkefninu hvort þátttakendur teldu lífsgæði sín breytt eftir þátttöku í Kvennasmiðjunni. Spurningin sem lögð var fyrir konurnar hljóðar á þessa leið: Þegar litið er til baka hvort metur þú lífsgæði þín meiri eða minni en þau voru áður en þú tókst þátt í kvennasmiðjunni?

Tafla 8. Lífsgæði

Viðhorf svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Frekar minni	1	1,6%
Hvorki meiri né minni	4	6,3%
Frekar meiri	27	42,2%
Mikið meiri	32	50%
Samtals	64	100%


Þegar tafla 7 og mynd 4 er skoðuð kemur fram að mikill meiri hluti kvennanna taldi að lífsgæði sín væru meiri eða mikið meiri eftir að þátttöku Kvennasmiðjunnar eða 59 (85%). Af þeim voru það 32 (50%) sem töldu þau mikið meiri. Ein kona sagði lífsgæði sín minni en tók jafnframt fram að það tengdist ekki Kvennasmiðjunni.



Mynd 5. Lífsgæði eftir þátttöku

ATVINNUSTAÐA OG LÍFSGÆÐI

Eins og komið hefur fram eru það flestallar konurnar sem telja að lífsgæði sín séu betri nú eða 59 (85%) þeirra. Ef skoðað er hvernig konurnar meta lífsgæði sín eftir því hver atvinnustaða þeirra er kemur í ljós að atvinnustaða hefur lítil áhrif á mat þeirra á lífsgæðum. Samkvæmt mynd 5 er það ein kona sem metur lífsgæði sín minni nú og stundar hún vinnu. Fjórar konur telja lífsgæði sín óbreytt frá því fyrir þátttöku. Þrjár þeirra eru ekki á vinnumarkaði og ein í vinnu. Allar konurnar sem eru í námi telja lífsgæði sín nú meiri en fyrir þátttöku.



Mynd 6. Árif stöðu á lífsgæði


MÖGULEIKAR TIL ATVINNUÞÁTTTÖKU

Markmið Kvennasmiðjunnar felur í sér að styðja þátttakendur út á vinnumarkað eða í frekara nám. Konurnar voru spurðar að því hvort þátttaka þeirra hafi breytt einhverju hvað varðaði möguleika þeirra til atvinnuþátttöku.

Tafla 9. Atvinnumöguleikar

Viðhorf svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Frekar minni	1	1,6%
Hvorki meiri né minni	19	29,7%
Frekar meiri	39	60,9%
Mikið meiri	5	7,8%
Samtals	64	100%

Eins og fram kemur í töflu 8 og mynd 6 telur meirihluti kvennanna að þátttaka þeirra hafi gefið þeim meiri möguleika til atvinnuþátttöku eða 39 (60.9%) þeirra. Fimm þeirra sögðu að möguleikar þeirra væru mikið meiri eða (7,8%). Samtals eru það því 44 (69%) kour sem telja að möguleikar þeirra til atvinnuþátttöku nú seu frekar meiri eða mikið meiri. Ein kona (1.6%) sagði að hún hefði minni möguleika til að geta farið út á vinnumarkað nú en tók jafnframt fram að það tengidist ekki Kvennasmiðjunni.



Mynd 7. Möguleikar til atvinnuþátttöku


FJÁRHAGSLEG STAÐA

Þar sem markmið Kvennasmiðjunnar er að bæta lífsgæði þátttakenda er fjárhagu þeirra stórt þáttur í þeirri þróun. Konurnar hafa allar verið atvinnulausar til lengri tíma og erfiður fjárhagur er einn liður í aðstæðum þeirra. Liður í endurhæfingunni er fjármálanámskeið þar sem unnið er sérstaklega að því að aðstoða konurnar við að bæta fjárhagslega stöðu þeirra. Konurnar voru spurðar að því hvort þátttaka þeirra í Kvennasmiðjunni hafi breyt einhverju varðandi fjárhagslega stöðu þeirra.

Tafla 9. Fjárhagslegstaða

Viðhorf svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Frekar verri	2	3,1%
Hvorki betri né verri	32	50%
Frekar betri	26	40,6%
Mikið betri	4	6,3%
Samtals	64	100%

Eins og kemur fram á töflu 9 og mynd 7 töldu flestar konurnar að fjárhagsleg staða þeirra væri óbreytt eða 32 (50%) þeirra. Þrjátíu konur sögðu fjárhagslegastöðu sína vera frekar betri eða mikið betri eða (46,8%) þeirra. Lítil munur er því á þeim fjölda sem telur stöðu sína betri og óbreytta.



Mynd 8. Fjárhagsleg staða


FÉLAGSLEG TENGL

Konurnar sem tekið hafa þátt í átaksverkefningu hafa allar átt við félagslega og/eða heilsufarslega erfiðleika að stríða. Þær hafa verið félagslega einangraðar vegna aðstæðna sinna. Liður í endurhæfingunni er að rjúfa félagslega einangrun og bæta félagslega tengsl. Konurnar voru spurðar að því hvort þátttaka þeirra í Kvinnasmiðjunni hafi breytt einhverju varðandi félagsleg tengsl þeirra.

Tafla 11. Félagsleg tengsl

Viðhorf svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Frekar verri	1	1,6%
Hvorki betri né verri	15	23,4%
Frekar betri	42	65,6%
Mikið betri	6	9,4%
Samtals	64	100%

Fram kemur í töflu 11 og á mynd 8 að flestar þeirra sögðu að félagsleg tengsl þeirra væru frekar og/eða mikið betri eftir þátttöku eða samtals 48 (69%) konur. Einn þeirra sagði þau verri eða (1,6%).



Mynd 9. Félagsleg tengsl


UPPELDISHLUTVERKIÐ

Konurnar voru spurðar að því hvort þátttaka í Kvennasmiðjunni hafi breytt einhverju fyrir þær sem uppalanda barna sinna.

Tafla 12. Sem uppalandi

Viðhorf svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Hvorki betri né verri	9	14%
Frekar betri	53	82%
Mikið betri	3	0,4%
Samtals	64	100%

Í töflu 12 og mynd 9 kemur í ljós að flestar þeirra telja sig frekar betri og/eða mikið betri betri uppalanda eða 56 (82,3%) nú eftir þátttöku.



Mynd 10. Sem uppalandi


LÍÐAN BARNA

Konurnar voru beðnar um að meta hvort þátttaka þeirra í Kvennasmiðjunni hafi breytt einhverju varðandi líðan barna þeirra.

Tafla 13. Líðan barnanna

Viðhorf svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Hvorki betri né verri	7	10,9%
Frekar betri	56	87,5%
Mikið betri	1	1,6%
Samtals	64	100%

Fram kemur í töflu 13 og á mynd 10 að flestar kvennanna eða 57 (89%) töldu að líðan barna þeirra væri frekar betri og/eða mikið betri nú en fyrir þátttöku.



Mynd 10. Líðan barna


SJÁLFSMYND

Lögð er mikil áhersla á sjálfsstyrkingu í Kvennasmiðjunni þar sem unnið er að því að bæta sjálfsmynd þátttakenda. Konurnar voru spurðar að því hvort þátttaka þeirra í Kvennasmiðjunni hafi breytt einhverju varðandi sjálfsmynd þeirra?

Tafla 14. Sjálfsmynd

Viðhorf svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Frekar verri	1	1,6%
Hvorki betri né verri	3	4,7%
Frekar betri	18	28,1%
Mikið betri	42	65,6%
Samtals	64	100%

Fram kemur í töflu 14 og mynd 11 að flestar konurnar töldu að sjálfsmynd þeirra væri mikið betri og/eða freka betri nú eða 60 (94%) þeirra. Af þeim voru það 42 (65,6%) sem sögðu hana mikið betri.



Mynd 11. Sjálfsmynd


FJÖLSKYLDUTENGL

Konurnar voru spurðar að því að hvort þær teldu tengsl sín við fjölskyldu sína betri eða verri en þau voru áður en þær tókst þátt í Kvinnasmiðjunni.

Tafla 15. Tengsl við fjölskyldu

Viðhorf svarenda	Fjöldi	Hlutfall
Frekar verri	2	3,1%
Hvorki betri né verri	29	45,3%
Frekar betri	33	51,6%
Samtals	64	100%

Samkvæmt töflu 15 og mynd 12 voru það flestar kvennanna sem töldu tengsl þeirra við fjölskylduna frekar betri nú en fyrir þátttöku eða 33 (51,6%) þeirra. Svipaður fjöldi taldi samskipti sín hvorki vera betri né verri en fyrir þátttöku eða 29 (45,3%) konur. Tvær (3,1%) þeirra töldu tengslin vera frekar verri nú.



Mynd 12. Fjölskyldutengsl

MAT ÞÁTTTAKENDA Á KVENNASMIÐJUNNI

Við fyrirlögn könnunarinnar á Kvennasmiðjunni gafst konunum einnig tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum og eigin mati á endurhæfingunni í heild sinni. Hér á eftir kemur samantekt á þeim upplýsingum sem komið hafa fram hjá konunum haustið 2007.

Þátttakendur eru almennt ánægðir með endurhæfinguna í Kvennasmiðjunni. Konurnar telja að Kvennasmiðjan sé mjög þarft verkefni og það hafi verið einstakt tækifæri fyrir þær og hjálpað þeim út í samfélagið. Það sem stendur upp úr samkvæmt mati kvennanna er tekið saman hér í töflu 16. Það voru 19 konur sem voru sammála um að Kvennasmiðjan hafi verið leið fyrir þær út í samfélagið þ.e. í nám og/eða vinnu. Einnig voru margar konur eða 18 talsins sammála um að sjálfstyrkingin sem átti sér stað meðan endurhæfingin fór fram hafi verið þeim mikilvægust og skilað mestu þegar til lengri tíma er litið. Um 15 konur voru sammála um að Kvennasmiðjan væri góð fyrir allar konur í þeirra stöðu. Það voru einnig 12 konur sem töldu að það hefði þurft frekari stuðning við sumar konurnar eftir að Kvennasmiðjunni lauk. Þær konur voru sjálfar allar 75% öryrkjar og ekki í vinnu eða skóla.

Tafla 16. Sameiginlegar athugasemdir um áhrif Kvennasmiðju

Ábendingar	Fjöldi ábendinga
Góð fyrir allar konur í minni stöðu	15
Hafði fyrst og fremst áhrif á sjálfsmyndina	18
Leið út í samfélagið, skóla og/eða vinnu	19
Vantaði frekari stuðning að lokinni endurhæfingu	12
Samtals ábendingar	64

Aðrar athugasemdir sem konurnar voru sammála voru þær að vera þeirra í Kvennasmiðjunni hafi veitt þeim aukinn félagslegan stuðning. Með þátttöku sinni í Kvennasmiðjunni hafi þeim hlotnast tækifæri til að komast út í samfélagið og fá reglufestu í daglegt líf. Einnig hafi það hjálpað þeim að kynna innbyrðis og veita hver annarri stuðning, hvatningu og félagsskap sem þær byggju enn að í dag. Konurnar telja jafnframt flestar að lífsgæði þeirra séu meiri eftir að þær hófu endurhæfingu í Kvennasmiðjunni. Þátttakan hafi eflt sjálfstraust þeirra og bætt fjölskyldulíf. Líðan þeirra sé almennt mun betri en áður en þær hófu þátttöku. Konurnar telja að þær séu betri uppalendur barna sinna fyrir vikið. Aukið sjálfstraust og sjálfsvirðing auðveldi þeim umönnun þeirra á þann hátt sem þær álíta farsælastan. Þær hafi öðlast nýja sýn á sjálfa sig og aðstæður sínar. Aukið sjálfsmat og uppgötvun á styrkleikum sem komið hefur í kjölfarið á því að afreka það sem þær töldu sig ekki færar um. Þátttakendur eru sammála um að endurhæfingin byggir upp góðan ramma fyrir þær sem veitir þeim öryggi og reglufestu í daglegu lífi. Margar þeirra töluðu um mikilvægi þess að fá að standa á eigin fótum þegar endurhæfingu lyki þar sem það væri þáttur í bættri sjálfsmynd. Jafnframt kom það fram hjá þátttakendum að þegar endurhæfingu lyki að vetri til þar sem ekki tæki við markviss þátttaka í t.d. skóla eða atvinnu þá versnaði líðan sumra þeirra og fundu sumar til þunglyndis við slíkar aðstæður.

Þátttakendur tóku einnig fram mikilvægi hins fjárhagslega stuðnings og ráðgjöf sem þær fengu á tímabilinu. Sá þáttur hafið orðið til þess að þær hafi margar hverjar komið fjámálum sínum á réttan kjöl sem síðan leiddi til þess að framtíðarsýn þeirra varð jákvæðari.

Helsta gagnrýni þátttakenda í Kvennasmiðjunni laut að því að það vantaði frekari stuðning og eftirfylgd fyrir sumar konurnar.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar af mati endurhæfingarþátta og árangur af þeim sýnir tvímælalaust að Kvennasmiðjan skilar árangri. Konurnar telja flestar að lífsgæði þeirra séu meiri eða 59 (85%) þeirra. Einnig er það mikill meiri hluti þeirra sem telur sjálfsmynd betri 60 (94%) þeirra. Það voru 56 (82,3%) sem töldu sig betri uppalendur og 57 (89%) töldu að líðan barna þeirra væri nú betri en áður. Það voru einnig 44 (69%) kvennanna sem töldu að þátttaka í endurhæfingunni hafi aukið möguleika þeirra til atvinnuþátttöku. Um það bil helmingur kvennanna töldu að

tengsl þeirra við fjölskyldu væru betri eftir að þær luku Kvennasmiðjunni. Aftur á móti um helmingur kvennanna sagði að fjárhagsleg staða þeirra væri óbreytt eða 50% þeirra. Þátttaka í Kvennasmiðjunni virtist hafa haft hvað minnst áhrif á húsnæðisaðstæður kvennanna en það voru 48 (75%) sem töldu þær óbreyttar en 53% kvennanna búa í félagslegu leiguhúsnæði.

Þegar á heildina er litið virðist vera kvennanna í Kvennasmiðjunni einnig hafa veitt þeim öryggi og komið á reglu í daglegu lífi þeirra. Á því má sjá hversu mikilvægt það er fyrir konur í þeirra stöðu þ.e. félagslega illa staddar og einangraðar að eiga kost á úrræði sem veitir þeim ramma og býður upp á samskipti við annað fólk. Slíkar aðstæður bæta líðan kvennanna, sjálfsmynd og hlutverk þeirra sem uppalandur. Það má sjá á þeim athugasemdum sem koma fram hjá konunum þegar hlé verður á endurhæfingunni þá versnar líðan þeirra og fyrrum heilsufarslegir kvillar taka sig upp eins og þunglyndi. Það sést einnig hversu mikilvægt það er fyrir einstaklinga í þeirra stöðu að komast út í samfélagið og fá krefjandi hlutverk við þeirra hæfi þar sem þær fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.

Einnig kemur fram í könnuninni sem gerð var á hópunum hversu mikilvægt það er að eftirfylgd kvennanna að lokinni endurhæfingu sé markviss. Eins og áður hefur komið fram hafa konur sem útskrifast og hafa viðunandi mætingu yfir endurhæfingartímabilið vil yrði fyrir öðru endurhæfingartímabili þ.e. 18 mánuðum ef þær stefna á nám að Kvennasmiðju lokinni. Sumar konurnar sem útskrifuðust töldu að þær hefðu ekki fengið stuðning og eftirfylgd að lokinni endurhæfingu. Einnig töluðu konurnar um að það myndast töluverð eyða í framhaldi á markvissri endurhæfingu hjá þeim sem ljúka henni að vetri til eða í lok febrúar. Meirihluti þeirra sem ljúka Kvennasmiðju stefna á nám að endurhæfingu lokinni. Því myndast 6 mánaða bið eftir að viðkomandi geti hafið markvissa þátttöku í öðru verkefni. Þetta hefur orðið til þess að eftirfylgd dettur niður. Töluverður munur er á biðtíma kvennanna sem luku endurhæfingu að sumri eða í lok júní. Einungis er þá um tveggja mánaða bið að ræða í skólavist fyrir þær sem stefna á nám. Jafnframt hefur það áhrif að viðkomandi er venjulega búin að sækja um skólavist áður en að til útskriftar kemur og hefur oft á tíðum þegar fengið svar um hvort af henni verður og hvort samþykkt hefur verið að veita viðkomandi annað endurhæfingartímabil. Í þessu samhengi er einnig mikilvægur stuðningur og ráðgjöf frá félagsráðgjöfum kvennanna inn á þjónustumiðstöðvunum. Ef fyrir liggur að konurnar muni fá annað endurhæfingartímabil þegar skólaganga hefst gæti það verið liður í að þær sæju að annað markvisst úrræði lægi fyrir í nánustu framtíð. Einnig gæti verið æskilegt að annað úrræði byðist þeim í millitíðinni til að brúa bilið milli endurhæfingu eitt og tvö. Æskilegast væri samkvæmt þessum niðurstöðum að konurnar gætu lokið endurhæfingu allar að sumri og við lok endurhæfingarinnar lægi fyrir hvað tæki við í framhaldinu. Tekjur kvennanna hafa hér einnig mikið að segja þar sem þær fara aftur á fjárhagsaðstoð hjá borginni eftir þátttöku í Kvennasmiðjunni og þar til annað úrræði tekur við þ.e. vinna, annað endurhæfingartímabil og/eða örorka. Töluverður munur er á tekjum einstæðra mæðra eftir því hvort þær eru á endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofun ríkisins eða með fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg. Þar sem hér er um að ræða konur sem lifað hafa við fátækt sem er jafnframt stór liður í líðan þeirra getur sú vitneskja að fara aftur í 6 mánuði eða lengur á lágmarks framfærslueyri verið liður í mati þeirra á að þær hafi ekki fengið nægjanlegan stuðning að lokinni endurhæfingu.

RANNSÓKN Á LÍFSGÆÐUM EFTIR ENDURHÆFINGU Í KVENNASMIÐJU

INNGANGUR

Í þessum kafla verður fjallað um framkvæmd eigindlegu rannsóknarinnar og þær aðferðir sem notaðar voru við öflun og greiningu rannsóknargagna. Jafnframt verður sagt frá vali á þátttakendum og annmörkum aðferðarinnar. Fjallað verður um aðstæður einstæðra mæðra sem hafa verið um skeið utan vinnumarkaðar og leitað hafa sér aðstoðar hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu af endurhæfingu einstæðra mæðra sem hefur gengið illa að fóta sig á vinnumarkaði og í námi vegna félags- og/eða heilsufarslegra aðstæðna. Skoðað er þróunarverkefni sem nefnist Kvennasmiðjan sem sniðið hefur verið að þörfum áðurnefnds hóps. Verkefnið miðar að því að bæta lífsgæði þátttakenda og styðja þá út á vinnumarkað eða í frekara nám. Í viðtölunum er leitast við að skoða það ferli í lífi þátttakenda sem þeir álíta orsök á aðstæðum sínum, fyrir og eftir þátttöku. Kynnast þeirra sjónarmiðum og lífsgildum og jafnframt hvort breyting hafi orðið á stöðu þeirra fyrir og eftir þátttöku í verkefninu.

Rannsóknarspurningin er: Hafa lífsgæði kvennanna aukist að lokinni þátttöku í endurhæfingarverkefninu Kvennasmiðjunni?

RANNSÓKNARAÐFERÐ

Tilgangurinn með rannsókninni var að öðlast sem heildstæðasta mynd af lífshlaupi og aðstæðum einstæðra mæðra sem hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að stríða. Ég vildi jafnframt reyna að átta mig betur á þeim skilningi sem þær sjálfar hafa á lífi sínu aðstæðum fyrir og eftir endurhæfingu.

Rannsóknaraðferðin sem notuð var er á íslensku oftast nefnd eigindleg rannsóknaraðferð, (e. “qualitative research methods”) (Bogdan og Blikem 2003; Taylor og Bogdan, 1998). Rannsóknaraðferðin einkennist af því að rannsakandinn fer á vettvang og deilir aðstæðum með þeim sem taka þátt í rannsókninni. Þannig öðlast rannsakandinn þekkingu á aðstæðum og lífi þátttakanda. Tvær megin aðferðir eru innan eigindlegra rannsóknaraðferða, opin viðtöl og þátttökuathuganir. Eigindlegar rannsóknarhefðir eiga rætur sínar að rekja í fyrirbærafræði sem lýsir veruleikanum sem sýnbreytilegum og afstæðum. Þessi aðferð felur í sér sveigjanleika og með notkun hennar er hægt að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu. Eigindlegar rannsóknaraðferðir henta því vel þegar verið er að skoða umhverfi, reynslu og líf fólks. Þær auka skilning á hvernig þátttakendur upplifa líf sitt og athafnir, hvaða áhrif atburðir, hugtök og aðstæður hafa á þá. Markmiðið er því að skilja hlutina frá sjónarhóli þátttakenda (Bogdan og Blikem 2003).

Aðferðin felur meðal annars í sér opna viðtalstækni þar sem viðmælanda gefst tækifæri á að tjá sína sýn á ákveðin málefni tengt tilfinningum og upplifun, á annan hátt en í stöðluðum rannsóknum. Í slíkum viðtölum er spurt um þætti sem rannsóknin beinist að. Einnig er lögð áhersla á að þátttakandi lýsi lífi sínu og upplifun með eigin orðum og fjalli um það sem skiptir þá

sjálfa mestu máli. Þetta er gert til að reyna að öðlast skilning á sjónarhorni þátttakenda. Setja sig í spor þeirra og fá innsýn inn í þekkingarheim þeirra og lífsreynslu og leitast við að skilja merkinguna sem þeir leggja í þann skilning. (Kvale, 1996). Í viðtölunum við einstæðu mæðurnar var lögð áhersla á að þær lýstu með eigin orðum því sem þær vildu fjalla um.

Með þessari aðferð fær rannsakandi heildstæðari mynd af því hvaða áhrif viðfangsefnið hefur á einstaklinginn. Eigindlegar aðferðir eru túlkandi og byggja á rannsóknargögnum sem eru lýsandi, þ.e. vettvangsnótum sem innihalda meðal annars lýsingar á aðstæðum og fólki. Áherslan með eigindlegum rannsóknaraðferðum er á réttmætið frekar en áreiðanleika. Gallar eigindlegra rannsóknaraðferðar eru hversu tímafrek hún er og hefur það meðal annars í för með sér að ekki er hægt að taka fyrir jafn stóra hópa til rannsókna og í megindlegum rannsóknum. Því er ekki hægt að nota niðurstöður slíkra rannsókna til þess að alhæfa á samfélagið í heild sinni (Bogdan og Blikan 2003).

UNDIRBÚNINGUR

Undirbúningsvinna við rannsóknina hófst í janúar 2006. Meðal annars var vinnsla rannsóknarinnar tilkynnt til Persónuverndar (sjá fylgiskjal nr. IV). Einnig fólst undirbúningurinn í vali á þátttakendum ásamt því að finna núverandi dvalarstað þeirra. Haft var samband símleiðis við þátttakendur þar sem rannsóknin var kynnt og óskað var eftir þátttöku. Þeir sem leitað var til gáfu allir samþykki sitt fyrir rannsókninni.

ÞÁTTTAKENDUR

Þátttakendur í þessari rannsókn voru tíu konur sem eiga það allar sameiginlegt að hafa lokið endurhæfingu í Kvennasmiðjunni. Við val á þátttakendum var haft í huga að hafa samband við konur sem höfðu lokið þátttöku fyrir minnst ári síðan. Einnig var leitast við að hafa konurnar úr mismunandi hópum svo það fengist fram meiri fjölbreytileiki milli einstaklinganna. Þrjár konur luku þátttöku fyrir tæpum 2 árum síðan, ein fyrir 2 árum síðan, þrjár fyrir 3 árum síðan, tvær þeirra útskrifaðist fyrir rúmum 3 árum síðan og að lokum var ein kvennanna sem lauk þátttöku fyrir um 4 árum. Konurnar voru á mismunandi aldri frá 25 - 40 ára. Tvær elstu konurnar voru 40 ára, ein var 39 ára, ein 38 ára, tvær 36 ára, tvær 30 ára, ein var 29 ára og ein 25 ára. Allar konurnar bjuggu á höfðuborgarsvæðinu. Heimilisaðstæður þátttakendanna voru þannig að sex kvennanna bjuggu í félagslegu leiguhúsnæði, ein í leiguhúsnæði á almennum markaði og þrjár í eigin húsnæði. Þegar skoðuð var hjúskaparstaða kvennanna þá var ein þeirra í sambúð hinar voru einstæðar þegar rannsóknin fór fram. Þátttakendur áttu frá fimm börnum niður í eitt. Ein kvennanna sem átti þrjú börn, átti einnig tvö fósturbörn sem bjuggu á heimili hennar. Alls áttu konurnar 23 börn auk fósturbarnanna tveggja. Allar áttu konurnar sambúðir að baki utan ein, frá einni upp í þrjár.

Að lokinni endurhæfingu er markmiðið að styrkja þátttakendur út á vinnumarkað eða til frekar náms. Vilyrði er fyrir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að greiða konunum annað endurhæfingartímabil sem er 18 mánuðir ef þær hafa nýtt sér Kvennasmiðjuna og vilja fara í nám að henni lokinni. Ef skoðuð er staða þátttakandanna meðan á rannsókninni stóð með tilliti til þátttöku þeirra á vinnumarkaði eða til menntunnar þá voru fimm kvennanna í framhaldsskóla. Þær höfðu fengið áframhaldandi endurhæfingu frá Tryggingastofnun ríkisins eftir þátttöku. Ein konan

lauk stúdentsprófi vorið 2006 en hin hafði hafið nám haustið 2005. Þrjár kvennanna voru í vinnu, ein vann við smíðar, ein í mótuneyti við grunnskóla og sú þriðja við nudd. Sjö af konunum höfðu sótt um áframhaldandi endurhæfingu og aðeins einni þeirra hafði verið hafnað. Fjórar kvennanna höfðu verið metnar öryrkjar. Þrjár þeirra hafði verið metnar 75% öryrkjar eftir endurhæfinguna. Ein hefur verið að vinna sem skólaliði til skamms tíma, ein við nudd og ein stundar enn nám í framhaldsskóla. Ein var metin til 65% örorku og var á framfærslueyri frá þjónustumiðstöð í Reykjavík ásamt örorkulífeyri þar sem hún er óvinnufær samkvæmt læknisvottorði.

Allar konurnar eiga að baki sögu um langtíma atvinnuleysi vegna veikinda og félagslegra erfiðleika. Þær voru allar á framfærslu hjá Reykjavíkurborg þegar þær hófu þátttöku í Kvennasmiðjunni. Konurnar höfðu mislangan tíma að baki sem atvinnulausar og á framfærslu, frá fjórum niður í tvö ár. Flestar kvennanna höfðu einnig átt við veikindi að stríða. Níu höfðu þjáðst af þunglyndi. Þrjár hafði átt við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða. Þrjár voru einnig með vefjagigt og bakmein. Fjórar þeirra áttu jafnframt við kvíða að stríða ásamt fyrrgreindum þáttum. Einungis ein kvennanna hafði ekki átt við veikindi að stríða samfara erfiðum félagslegum aðstæðum.

Allar konurnar sem tóku þátt í rannsókninni eiga einhverja sögu á vinnumarkaði og sumar hafa reynt að bæta við sig námi eftir grunnskóla. Þrjár kvennanna áttu mjög stopula vinnusögu og höfðu einungis unnið tímabundið en verið mest megnis á bótum utan þess tíma sem þær voru í sambúð með barnsfeðrum sínum. Fimm þeirra hafa unnið við ýmis störf og stoppað stutt á hverjum stað. Ein kvennanna hafði unnið mjög mikið alveg frá barnsaldri. Hún hafði verið sjálfstæður atvinnurekandi um tíma unnið hjá ýmsum þjónustustofnunum. Hún átti sögu um að vera í tveimur eða fleiri vinnum á sama tíma. Þegar menntun kvennanna var skoðuð höfðu níu einungis lokið grunnskólaprófi. Ein þeirra var með stúdenntspróf. Þrjár þeirra höfðu farið í sérreittindanám, ein hafði lokið námi í nuddskóla, ein hafði meiraprófsréttindi og fengið sérreittindi sem starfsmaður pósts og síma og ein hafði réttindi sem ritari.

Að öllum líkindum eru konurnar flestar dæmigerðar fyrir þátttakendur í Kvennasmiðjunni.

Til þess að halda trúnaði við þátttakendur hefur þess verið vandlega gætt að ekki komi fram upplýsingar sem gera þátttakendur þekkjanlega. Því hefur nöfnum þeirra og annarra sem þær ræða um verið breytt. Einnig hefur nöfnum á stöðum og staðháttum verið breytt. Allir þátttakendur undirrituðu samþykkisyfirlýsingu (sjá viðauka V).

GAGNASÖFNUN

Gagnaöflun fór þannig fram að haft var samband við starfsmenn hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar sem haft hafa umsjón með Kvennasmiðjunni. Fengin voru hjá þeim nöfn á konum sem höfðu lokið endurhæfingunni með áðurgreindum formerkjum. Haft var síðan samband beint við fyrrum þátttakendur og rannsóknin kynnt fyrir þeim.

Gagnaöflun fór fram með opnum viðtölum. Öll viðtölin fóru fram á heimilum viðmælenda. Ekki var stuðst við staðlaðar spurningar í djúpvíðtölunum heldur er viðtalið líkara óformlegu samtali þar sem megin áherslan er á að hvetja fólk til segja frá lífi sínu og reynslu með eigin orðum. Rannsóknarspurningar voru hafðar til hliðsjónar í viðtölunum.

- Meðal spurninga sem hafðar voru að leiðarljósi voru:
- Uppeldisaðstæður, fjölskyldutengsl og skólaganga?
- Sambúðar- og atvinnusaga?
- Hvernig var ferlið, t.d. líðan fyrir þátttöku?
- Stuðningur frá félagsráðgjafa/ráðgjafa?
- Viðhorf þátttakanda til verkefnisins?
- Lífsgæði og sjálfsmynd að lokinni þátttöku?
- Hefur settum markmiðum verið náð?
- Áhrif þátttöku á fjölskylduumhverfi?
- Hvernig viðkomandi finnst hann í stakk búinn til að takast á við lífið eftir þátttöku?

Með því að viðtöl voru tekin heima hjá konunum gaf það einnig mikilvæga sýn á líf þeirra og aðstæður. Aðal áherslan með þessari rannsókn var að fá fram og skoða reynslu af endurhæfingu einstæðra kvenna. Hér er um að ræða einstaklinga sem hefur gengið illa að fóta sig á vinnumarkaði og í námi vegna félags- og/eða heilsufarslegra aðstæðna. Einnig var aflað gagna um stöðu, búsetu fjölskyldusögu, félagslega sögu og tengsl bæði í nútíð og fortíð sem gæti varpað ljósi á félagslegar aðstæður þeirra. Þetta var gert með það í huga að skoða stöðu þeirra fyrir og eftir þátttöku í endurhæfingunni með tilliti til árangurs af verkefninu.

SKRÁNING OG ÚRVINNSLA GANGA

Öll viðtölin voru tekin upp á segulband og síðan afrituð af bandinu. Rannsóknargögnin sem aflað var á þennan hátt voru samtals 362 blaðsíður. Fimm viðtalanna voru tekin frá 10. febrúar til 24. mars 2006. Eitt viðtalið var tekið 2. febrúar 2007 og fjögur viðtöl voru tekin í janúar 2008. Viðtölin tóku frá tveimur klukkutímum niður í eina og hálfu klukkustund. Tvö þeirra tóku um 2 klst. og átta þeirra 1 og 1/2 klst. Frumgreining gagna fór fram samhliða gagnaöflun. Í frumgreiningu eru öll gögn lesin yfir nokkrum sinnum og dregin fram megin atriði. Margendurtekinn og kerfisbundin lestur gangnanna á að veita dýpri skilning og sýn á aðstæður og líf fólks. Þannig er dregið fram, flokkað og haldið til haga upplýsingum um félagslegan bakgrunn kvennanna, uppvöxt, hvernig þeim reiddi af fyrir og eftir grunnskóla, félagslega stöðu þeirra og líðan fram að þátttöku í endurhæfingunni. Jafnframt er skoðuð reynsla þeirra og líðan sem leiddi til þátttöku í endurhæfingunni og síðan hvernig þeim hefur reitt af eftir hana. Neðangreint byggist á greiningu gagnanna og skiptist umfjöllunin í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn greinir frá sjálfsmynd og uppeldisaðstæðum þátttakandanna. Annar hlutinn fjallar um skólagöngu, form stuðnings við þátttakendur og áhrif félagslegara aðstæðna á lífsgæði þeirra. Þriðji hlutinn skýrir frá sambúðar- og atvinnusögu kvennanna eftir að grunnskóla lauk og hvað leiddi til þátttöku í Kvennasmiðjunni. Fjórdi hlutinn gerir grein fyrir sjálfsmynd og félagslegri stöðu kvennanna eftir þátttöku í Kvennasmiðjunni. Hvort lífsgæði þeirra hafa breyst við stuðning í formi slíkrar endurhæfingar. Að lokum verður tekið saman hvaða lærdóm er helst hægt að draga af rannsóknarverkefninu.

Takmarkanir rannsóknarinnar eru þær að hér er einungis um að ræða viðtöl við tíu konur. Rannsóknin er því lýsandi á aðstæðum þeirra kvenna sem talað var við. Áherslan með rannsókninni er á réttmæti frekar en áreiðanleika og ekki er hægt að alhæfa á alla þátttakendur í Kvennasmiðjunni út frá henni.

NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR

Hér verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar og það sem lesið var út úr gögnum hennar. Eins og áður segir voru þátttakendur rannsóknarinnar tíu konur sem allar hafa lokið þátttöku í Kvennasmiðjunni fyrir minnst einu ári síðan. Verkefnið felst í að bæta lífsgæði þátttakenda. Liður í að meta þann þátt var að fá fram sjálfsmynd kvennanna fyrir þátttöku og þeirra eigin mat á lífsgæðum á þeim tíma. Það var gert með því að skoða lífssögu kvennanna. Einnig var fengin fram upplifun þeirra á uppeldisskilyrðum og skólagöngu og hvernig þeim farnaðist á þeim tíma. Jafnframt var leitast við að fá fram hvernig aðstæður kvennanna voru fyrir þátttöku eins og atvinnusaga og sambúðarform. Konurnar skýra einnig frá á hvaða hátt aðdragandi að þátttöku í endurhæfingunni átti sér stað og hvernig sjálfsmynd og staða kvennanna er í dag að lokinni Kvennasmiðju.

SJÁLFSMYND OG UPPELDISAÐSTÆÐUR.

Viðmælendur mínir höfðu allir skerta sjálfsmynd í uppeldinu og sem uppkomnar konur. Sá þáttur sem hefur haft hvað mest áhrif á hvernig sjálfsmynd viðmælenda minna mótaðist og á lífssögu þeirra voru heimilisaðstæður í æsku. Konurnar upplifðu sig öðruvísi eða fundu til skammar að eigin mati. Aðstæður þeirra einkenndust af ofbeldi, höfnun, vanrækslu, óreglu foreldra og/eða veikinda, skort þeirra og hins opinbera á stuðningi. Flestar konurnar ólust upp á heimili þar sem annað foreldrið var í óreglu eða fimm þeirra. Einnig voru það fimm af konunum sem ólust upp við ofbeldi og tvær við veikindi foreldra.

ÖÐRUVÍSI FJÖLSKYLDA OG SKÖMM

Þátttakendur í rannsókninni upplifðu sig frábrugðna öðrum. Þeir höfðu skömm á þeim aðstæðum sem þær bjuggu við sem börn og á sjálfum sér. Þegar ástandið varð opinbert fyrir utanaðkomandi fannst þeim að það sem átti sér stað vera eitthvað sem var skammarlegt eða niðurlægjandi. Elva Marvinsdóttir sem ólst upp hjá einstæðri móður sem átti við mikil veikindi að stríða og var einnig fíkill sagði: “ég upplifði mig öðruvísi, heimili mitt var öðruvísi”. Heimilisaðstæður og heilsufar foreldra hafa því haft mikið að segja um uppbyggingu á sjálfsmynd og þróun í lífi kvennanna.

Lára Ákadóttir ólst einnig upp hjá móður sem átti við veikindi að stríða og fann fyrir mikilli skömm í æsku gagnvart aðstæðum sínum. Faðir hennar og móðir áttu jafnframt bæði við áfengisvanda að stríða í uppvexti hennar. Hún talar um að hafa fundið fyrir því í æsku að fjölskylda hennar væri öðruvísi en gengur og gerist. Lára upplifði skömm vegna hegðunar móður sinnar þegar hún var með drykkjulæti á almannaferi og hagaði sér öðruvísi en aðrir foreldrar:

Þetta var leiðinlegt sko. Það gekk líka svo mikið á fyrir mömmu hún þyrfti að auglýsa þetta að hún var að drekka....það finnst mér það versta. Ég gat frekar kyngt því að hún var að drekka en að hún þyrfti að auglýsa þetta svona mikið út um alla blokk og láta ganga svona mikið á fyrir sér það særði mann mest. Hún var öskrandi og æpandi um alla blokkina, út á svölum, bara í því og hún var bara eins og brjáluð. Það man enginn eftir henni öðruvísi.

Láru finnst enn loða við sig skömmin sem móðir hennar kallaði yfir hana í barnæsku þar sem hún telur að þannig minnst allir hennar.

Björg Sigurðardóttir upplifði einnig skömm tengda uppeldisaðstæðum sínum. Uppeldisaðstæður hennar voru svipaðar og hjá Láru og Elvu. Faðir hennar átti við drykkjuvanda að stríða og beitti jafnframt móður hennar líkamlegu ofbeldi. Hún upplifði skömm tengda því þegar aðrir sáu hvað hafði gengið á inn á heimilinu þegar mamma hennar bar ummerki ofbeldisins sem hún varð fyrir:

Þá var hann að lemja mömmu. Svo fór maður með mömmu sinni í út í búð....og hún var með glóðarauga. Æ þannig að maður upplifði alveg svoleiðis sko....Já að fara með mömmu svona og allir sáu það.

Björg talar um að upplifa líka skömmina sem pabbi hennar kallaði yfir hana og fjölskylduna með hegðun sinni. Niðurlægingin sem henni finnst hún verða fyrir þegar heimilisaðstæður eru sýnilegar öðrum, þó að móðir hennar sé þolandi í aðstæðunum eins og hún sjálf.

Gréta Þórðardóttir upplifir líka skömm vegna heimilisaðstæðna sinna í uppeldinu. Jafnframt að hún væri öðruvísi og ekki metin til jafns við aðra í augum ættingja sinna. Fjölskylda hennar var ekki viðurkennd vegna ofbeldisins sem viðgekkst inni á heimilinu. Faðir hennar átti einnig við áfengisvanda að stríða eins og feður Láru og Bjargar. Hann beitti jafnframt móðir hennar ofbeldi. Gréta upplifði skömmina vegna höfnunar sem henni fannst fjölskyldan fá af hendi annarra ættingja sem var kunnugt um heimilisástandið og að komið hafi verið öðruvísi fram við hana og systkini hennar en önnur börn í stórfjölskyldunni: „Það var alltaf komið öðruvísi fram við okkur í fjölskyldunni, þau gleymdu okkur og gáfu okkur aldrei jólagjafir eða afmælisgjafir”. Henni fannst að hún og fjölskylda hennar væri þannig metin annars flokks og öðruvísi. Gréta talar um að aðrir ættingjar þyldu ekki fjölskylduna og að þeim hafi jafnvel ekki vera boðið í fjölskylduboð vegna hegðunar föður hennar: „Ég hittu móðurfólkið ekki mikið, okkur var bara ekki boðið þegar eitthvað var um að vera”. Nína Björnsdóttir hafði svipaða sögu að segja. Hún upplifði skömm og niðurlægingu í uppeldi sínu. Móðir hennar beitti hana harðræði og var ósanngjörn við hana:

Mamma var alltaf svo rosalega óréttlát. Vinir mínir voru meira að segja búnir að átta sig á því hvað hún var rosalega leiðinleg við mig..... Það vildi enginn koma að heimsækja mig það var nefnilega þannig alla tíð að vinirnir og kærastinn vildu ekki koma í heimsókn.

Framkoma hennar varð til þess að einginn sem hún þekkti vildi koma inn á heimilið og Nína upplifði skömm á aðstæðum sínum vegna hegðunar móður hennar.

Sigrún upplifði líka mikla skömm í uppeldi sínu. Hún upplifði svipaðar aðstæður og Nína þar sem hún var beitt ofbeldi og harðræði af foreldri sínu. Hún upplifði sig annarsflokks: „Ég upplifði það að ég var ekki jafn góð og aðrir, að ég væri svona misheppnuð”.

Rósa Jónsdóttir upplifði mikla skömm á aðstæðum sínum vegna erfiðleika heima fyrir, drykkju föður hennar og áfalla sem fjölskyldan varð fyrir vegna dauðsfalla ættingja. Hún reyndi að svipta sig lífi einungis 12 ára að aldri: „Það var búið að ganga svo mikið á heima svo dó amma.....þá gleypsti ég bara fullt af töflum”. Rósa upplifði aðstæður sínar svo óbærilegar að hún sá enga leið út úr þeim: „Mér fannst bara að það væri allt farið þarna”.

SKERT SJÁLFSMYND

Konurnar áttu það sammerkt að vera komnar með skerta sjálfsmynd strax í æsku sem síðan hefur markað það sem á eftir kom. Ýmsir þættir virðast hafa haft áhrif það að sjálfsmynd þeirra skertist. Má þar nefna þætti sem þegar hafa komið fram eins og veikindi foreldra, vanræksla, óregla og ofbeldi sem var inni á heimilinu. Þær upplifðu sjálfa sig og aðstæður sínar skrítnar og öðruvísi en gengur og gerist. Elva sem leiddist á unglingsaldri í óreglu útskýrði þá þróun með að segja:

Ætli það hafi ekki bara verið minnimáttarkennd út af heimilisaðstæðum....já þetta var bara sjálfsvirðingin. Maður var bara strax hrúninn. Og hvernig líf mitt þróaðist eftir það þá var sjálfsvirðingin orðin mjög lág þarna.

Þessi þættir koma fram hjá öllum konunum þar sem lágt sjálfsmat einkennir þær allar allt frá barnæsku. Gréta sem einnig fór í neyslu sem unglingur telur að þó að hún hafi verið með öðrum unglingum sem líka voru að drekka hafi hún verið verst af þeim öllum: „Silla drakk líka en ég var versti unglingurinn og drakk langmest”. Henni fannst jafnframt hún vera nærri ósýnileg þar sem nánir ættingjar hennar eins og afi og amma vissu oft á tíðum ekki hver hún var og spurðu hana oft þegar þau hittu hana sem barn: „Hver ert þú”? Olga Hansdóttir sem jafnframt fór í neyslu ung eða 12 ára sagði að hún hafið gert það til þess að komast inn í hóp jafnaldra: „Ég gerði þetta til að geta farið inn í hvaða hóp sem var....þetta var eiginlega svolítið sorglegt því ég hafði ekki hugmynd um hver ég var”.

Lára fannst hún aldrei fá neinn skilning eða stuðning frá foreldrum sínum og að þau hefðu komu fram við hana eins og hún væri heimsk. Lára talar um að vegna þessa hafi henni liðið illa sem barni og verið full af minnimáttarkennd. Lára sagði:

Maður var bara svolítið dæmdur veistu eins og maður væri heimskur....maður fékk minnimáttarkennd og allt þetta. Þetta varð alltaf verra og verra.....Mömmu og pabba varðaði ekkert um hvernig mér gekk.

Hún upplifði afskiptaleysi þar sem henni fannst foreldrar hennar ekki sýna henni neinn áhuga. Sigrún sem einnig upplifði afskiptaleysi af hendi foreldra sinni sagðist hafa leitast eftir að fá viðurkenningu: Það var alltaf þessi þörf fyrir að vera viðurkennd”. Sífelld leit hennar eftir eftirtekt og viðurkenningu setti mark sitt á sjálfsmynd hennar strax í barnæsku.

OFBELDI OG VANRÆKSLA

Níu kvennanna upplifðu andlegt og líkamlegt ofbeldi annað hvort sjálfar af hendi foreldris eða á milli foreldra og sumar hvoru tveggja. Þær upplifðu hræðslu, óöryggi og skömm vegna þessa og aðstæður þeirra voru öðruvísi en annarra í umhverfi þeirra.

Sífelld ofbeldi og togstreita foreldra Grétu höfðu þau áhrif á hana að hún var mjög lokuð og feimin sem barn og það skerti sjálfsmynd hennar. Gréta upplifði jafnframt vanrækslu af hendi foreldra sinna þar sem henni var ekki sinnt sem skyldi “Ég var svolítið gleymd”. Hún varð einnig vitni að ofbeldinu sem faðir hennar beitti móður hennar. Hún upplifði mikla hræðslu og óöryggi samfara því þegar hún varð vitni að ofbeldinu:

Hann bara barði mömmu og hann bara nefbraut hana. Við þurftum að loka okkur inn í herbergi þetta var bara martröð. Meira að segja bróðir minn þurfti að flytja að heiman.....Að vera að bjóða barninu sínu upp á þetta.....Við vorum í Kvennaathvarfinu þegar ég var lítil. Við vorum alltaf í Kvennaathvarfinu.

Sífelld óvissa um hvað mundi gerast og að þurfa að flýja af heimilinu reyndist henni mjög erfitt sem barni. Sigrún var einnig beitt ofbeld og harðræði sem barn af föður sínum. Hún var sífelld að leita viðurkenningar hjá honum sem hún upplifði að voru túlkaðar sem óþægð:

Í minningunn er ég bara einmanna og er mikið að leita að viðurkenningu og upplifði mikla höfnun.... Hann var með svona refsingar. Maður var rassskelltur og lokaður inn í skáp. Svo var ég alltaf að fara fram úr sjálfri mér ég var örugglega ofvirk.

Sigrún upplifir vanrækslu og höfnun af hendi foreldra sinni þegar hennir var sífelld refsað af minnsta tilefni þegar hún leitar eftir athyggli þeirra. Nína Björnsdóttir upplifir einnig höfnun og afskiptaleysi af hendi foreldra sinna. Hún talar um að faðir sinni hafi aldrei verið til staðar: „Hann var alltaf að vinna og var ekki staðar”. Sigrún upplifði höfnun af hendi móður sinnar sem beitti hana harðræði og andlegu ofbeldi: „Mér var alltaf kennt um allt sem bróðir minn gerði...Mér hefur alltaf fundist alla tíð og en þann dag í dag að hún hafi aldrei getað þolað mig”.

Eygló Jónsdóttir upplifði vanrækslu og stuðningsleysi af hálfu föður þar sem hann var oft fjarlægur í uppeldi hennar. „Þegar hann gat hjálpað mér gerði hann það en það var ekki mikið”. Hún upplifði jafnframt höfnun og ofbeldi af hendi móður sinnar. Hún beitti hana bæði andlegu og líkamlegu ofbeldi:

Hún beitti mig ofbeldi. Það vissu allir að hún var svona, það vissu allir að mamma hefur alltaf verið svona skapill og hún var kölluð aðalgríbban í bænum....Það voru allir skíthráddir við hana. Hún var alltaf gargandi.

Eygló upplifir ekki einungis afskiptaleysi og vanrækslu af hendi föður síns og móður heldur jafnframt frá öðrum nágrönnum sínum og samfélaginu þar sem öllum var kunnugt um ástandið á heimilinu en engin bregst við því. Hún upplifir líka skömmina og vanmáttarkenndina sem fylgir heimilisofbeldinu. Svipað þema kemur nánast fram í öllum viðtölunum.

SKÓLAGANGA OG STUÐNINGUR

Skólaganga kvennanna var yfirleitt erfið þar sem þær fengu ekki þann stuðning sem þær þurftu heima fyrir eða frá menntakerfinu. Fimm þeirra áttu við námserfiðleika að stríða. Fimm þeirra töldu sig hafa verið góða námsmenn en stuðninginn hafi vantað til að þær hefðu spjarað sig í námi.

HEIMILISAÐSTÆÐUR

Svala sem lauk grunnskóla gat ekki haldið áfram námi þar sem hún fékk engan fjárhagslegan stuðning frá foreldrum: “Gafst upp af því að ég þurfti að hafa eitthvað til að lifa á”. Hún lýsir heimilisaðstæðum sínum í barnæsku sem mjög flóknum og erfiðum. Móðir hennar átti við áfengisvanda að stríða og faðir hennar beitti hana og systur hennar ofbeldi. Erfið samskipti foreldra hennar gerðu það að verkum að hún upplifði stuðningsleysi: „Þetta var allt svona hringavitleysa og maður stóð þarna á milli”. Erfiðleikarnir in á heimilinu urðu síðan til þess að hún fór að heiman aðeins 16 ára til að sjá um sig sjálf. Foreldrar hennar skildu á þessum tíma og þurfti Svala að standa frammi fyrir því að velja á milli foreldra sinna. Hún upplifði að fjölskylda sín væri skrítin og að hún hafi verið neydd í aðstæður sem hún vildi ekki vera í. Svala sagði:

Þetta var allt mjög skrítið. Svo stóð maður uppi með að maður þurfti að velja á milli að annað hvort talaði maður við mömmu eða pabba. Ef við töluðum við mömmu vildi pabbi ekki tala við okkur”.

Björgu gekk vel í skóla en vegna erfiðra heimils aðstæðna þá gerði hún uppreisn í 10. bekk og hætti að mæta í skólann: „Það fór að vera eitthvað vesen á mér og ég bara hætti að mæta í skólann”. Hún eignaðist barn þegar hún var 16 ára og varð að hætta skólagöngu þar sem hún hafði hvorki stuðning frá foreldrum né hinu opinbera. Sama á við um Sigrúnu og Rósu. Þær varð ófrískar 16 ára og urðu því að hætta í skóla þar sem þær höfðu ekki þann stuðning sem til þurfti. Sigrún sagði: „ Ég varð ófrísk einmitt þarna um haustið þegar ég var að byrja í framhaldsskóla.....ég gat ekki verið í skólanum það var ekki hægt og mjög erfitt”. Rósa sagði: „Þarna eftir 10. bekk varð ég ófrísk.....ég fór að búa með pabba stelpunar en það gekk ekki upp, við vorum bara 17 ára og höfðum engan stuðning”.

Þarna fléttast saman erfiðar heimilisaðstæður sem hamlaði því að konurnar fengju þann stuðning sem þær þurftu heima fyrir til að geta stundað nám sem börn og unglingar.

NÁMSÖRÐUGLEIKAR

Sumar kvennanna áttu við námsörðugleika að stríða. Þær áttu í erfiðleikum með að fóta sig í skóla vegna stuðningsleysis. Elva sem átti við námsörðugleika að stríða fékk hvorki stuðning frá skólakerfinu né frá aðstandendum þó hún hafi verið lesblind: “ það hugsaði enginn um það þá, það var bara ekki þekkt held ég”. Samfara erfiðum heimilisaðstæðum og námserfiðleikum upplifðu konurnar sig annars flokks. Hjá Elvu kemur þetta fram er hún skilgreinir sig út frá aðstæðum á þessum tíma: “ Ég var svona tossi”.

Grétu gekk líka illa í skóla. Hún telur að sjálfsmynd hennar hafi verið ástæðan fyrir námsörðugleikum sínum þar sem hún var svo lokuð sem barn og hélt sig mikið til hlés Gréta sagði:

Ég var svo feimin og ein en þegar ég drakk þá losnuðu allar hömlur. Og þá gat ég talað og mér gekk illa í skóla og fyrir mér varð þetta einskonar lausn.

Hún leitaði í áfengið á þessum tíma til að líða betur. Erfiðleikar hennar í námi voru einnig þáttur í að sjálfsmynd hennar var skert.

Sigrún átti einnig við námsörðuleika að stríða. Hún átti í erfiðleikum mað að fylgja eftir námskröfum í skóla sem hafði áhrif á sjálfsmynd hennar og líðan í skóla: „Ég var allaf að upplifa mig heimska eða að ég væri ekki nógu greind.....og að ég væri svona misheppnuð”. Eygló hefur sömu sögu að segja þar sem hún átti við námsörðugleika að stríða og fékk ekki stuðning hvorki frá skóla eða ættingjum. Henni fannst að sökin lægi hjá sér og að hún væri annars flokks. Hún var færð niður um bekk í grunnskóla vegna námsörðugleika sem hafði afgerandi áhrif á sjálfsmynd hennar:

Ég var algjör tossi. Þetta var algjör niðurlæging. Ég átti mjög erfitt með að vera færð niður um bekk og ég var ekki alveg að sætta mig við það.

Lára átti einnig við námsörðugleika að stríða sem jukust eftir því sem á skólagönguna leið. Hún upplifði stuðningsleysi frá skóla og aðstandendum sem gerði það að verkum að henni leið mjög illa þegar líða tók á skólagönguna. Hún fylltist minnimátarkennd vegna þess að hún fann að hún réði ekki við námsefnið og fékk ekki skilning á aðstæðum sínum. Lára sagði:

Mér gekk vel fram að 10 ára aldri. Svo byrjaði alveg hreint að hallast hratt niður á við. Þegar námið fór að þyngjast verulega þá fór ég að fá kvíða og vera með námsörðugleika. Svo jukust námserfiðleikarnir, maður fékk engan skilning....Það var bara keyrt áfram, manni leið bara illa, minnimátarkennd og allt það. Eftir að ég fór í 11 ára bekk og 12 ára bekk þá þyngdist alltaf námið og ég sat alltaf eftir. Ég var lesblind og allt þetta. Ég fékk engann stuðning eða skilning.

Aðstæður Láru eru svipaðar Eyglóar, Elvu og Sigrúnar þar sem hún upplifir algjört niðurbrot á sjálfsmynd sinni á skólagöngunni þar sem hún fær ekki stuðning frá aðstandendum eða menntakerfinu. Námsörðugleikar Láru og heimilisaðstæður höfðu einnig áhrif á félagslíf hennar og vinatengsl. Hún upplifði að vinir hennar snéru við henni bakinu þegar hún var um fermingu sem jók enn á vanlíðan hennar á þessum tíma:

Þetta fór ekki að hafa veruleg áhrif á mig með skólann og vini mína fyrr en ég var komin um fermingu. Besta vinkona mín til dæmis sneri við mér bakinu hætti bara að tala við mig. Mamma var líka svo leiðinleg reifst við allt og alla og fékk alla upp á móti sér.

Ástandið inni á heimilinu virðist einnig fléttast saman við upplifun Láru á því að vinir hennar snúa við henni baki og telur hún að móðir hennar hafi líka átt þátt í niðurlægingu hennar og vinaslitum á þessum tíma.

SAMBÚÐAR- OG ATVINNUSAGA

Allir þátttakendur áttu það sameiginlegt að hafa farið í sambönd og átt börn mjög ungar. Konurnar voru farnar að heiman um 16 ára aldurinn vegna erfiðra heimilisaðstæðna. Þær eiga flestar fleiri en eina sambúð að baki. Konurnar voru flestar komnar í sambúð fyrir tvítugt. Þrjár þeirra þegar þær voru 16 ára, tvær 17 ára, tvær 18 ára og tvær 19 ára. Fjórar þeirra eiga tvær sambúðir að baki, tvær þrjár og þrjár eina. Ein þeirra hefur aldrei verið í sambúð. Líf þeirra flestra hefur einkennst af tíðum makaskiptum sem ungra kvenna.

OFBELDI Í SAMBÚÐ

Átta af konunum ólust upp við líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi inni á heimilum sínum ýmist sjálfar af hendi foreldra eða á milli þeirra. Sumar kvennanna fóru sjálfar í sambúð sem einkenndist af ofbeldi af hendi maka.

Gréta á að baki 2 sambúðir og á 2 börn með seinni sambylismanni sínum. Hún fór í samband 16 ára með manni sem beitti hana líkamlegu ofbeldi. Vegna aðstæðnanna sem hún ólst upp við þar sem faðir hennar beitti móðir hennar ofbeldi fannst henni það ekki athugavert: „Mér fannst þetta bara eðlilegt, ég náttúrulega ólst upp við þetta“. Hún sleit síðan sambandinu við manninn en tók upp samband við annan mann stuttu seinna sem einnig beitti hana ofbeldi sem var af andlegum toga. Vegna fyrri reynslu taldi Gréta að sambúðin með þeim manni væri mun betri þar sem hann lagði ekki á hana hendur:

Hann öskraði oft á mig og ég var bara vön hinum að hann talaði svona við mig. En mér fanst hann bara æðislegur af því að hann lamdi mig ekki.

Þrátt fyrir það telur hún að hann hafi verið að brjóta niður sjálfsmynd hennar enn frekar þar sem líðan hennar versnaði að mun í sambúðinni: „Já það var svona hryllilegt andlegt ofbeldi. Ég roðnaði ef hann talaði við mig og titraði“.

Olga á að baki eina sambúð með barnsföður sínum sem sífellt var í neyslu bæði áfengis og eyturlyfja. Þegar leið á sambúðina fór sambylismaður hennar að beitta hana andlegu og líkamlegu ofbeldi. Olga lifði stöðug í ótta um hvað biði hennar heimafyrir:

Þetta var alveg hrikalegur tími sko. Það beið mín bara allt þegar ég kom heim, beið mín bara hræðsla.....um hvað væri í gangi eða.....hann hafði alveg rosaleg tök á mér.....andleg tök.....ég gerði bara allt eins og hann sagði til að hafa hann góðann.

Rósa sem hafði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku fór í sambúð einungis 16 ára. Hún varð fyrir stöðugri gagnrýni af hálfu barnsföður síns meðan á sambúðinni stóð. Hann fór að sýna af sér ofbeldisfulla hegðun gagnvart henni þegar þau slitu sambúðinni sem varði einungis í u.þ.bþ ár:

Hann sat fyrir mér hvert sem ég fór.....þetta gekk voðalega langt. Eitt sinn þá var ég að keyra um í bíl með einhverjum strák þá reyndi hann að keyra okkur útaf.

Rósa upplifði stöðugan ótta og óöryggi bæði meðan á sambúðinni stóð og eftir að henni lauk sem hafði áhrif á sjálfsmynd hennar.

ERFIÐLEIKAR Í SAMBÚÐ

Þátttakendur áttu það allir sammerkt að eiga að baki erfiða sambúð með sambýlismönnum sínum og/eða barnsföðrum. Ýmist einkenndust þær af ofbeldi eða þær upplíðu þá öðruvísi eða annars flokks einstaklinga.

Björg á 4 börn með þrem mönnum og á að baki tvær sambúðir. Hún átti barn 16 ára og fór fljótlega í sambúð upp frá því. Barnsfaðir hennar sem hún fór í sambúð með 16 ára telur hún hafa verið öðruvísi og annarsflokks. Hún telur hann skrýttinn og metur sjálfa sig eins þar sem hún gat verið í sambandi við slíkan mann. Hún tiltekur jafnframt vafasama iðju hans sem undirstrikar enn frekar hversu skrýttinn eða öðruvísi sambýlismaðurinn var:

Það var mjög skrýtið samband. Ég veit ekki hvað ég var að gera í þessu sambandi, hann er bara svona vitleysingur, dóphaus og ég grænjaxl.

Lára á 2 börn með tveim mönnum og á tvær sambúðir að baki. Hún talar einnig um að barnsfaðir sinn hafi verið skrýttinn og tengir það jafnframt ólöglegri iðju hans eins og að vera að höndla með eiturlyf. Hún metur sjálfa sig út frá honum eins og Björg. Þær setja sig í sama flokk og barnsfeðurna þar sem þær telja sig einnig skrýtnar að hafa verið með slíkum mönnum. Lára tiltekur einnig til að undirstrika en frekar mat sitt á sér og sambandinu við manninn að réttar tilfinningar hafi ekki verið til staðar af hennar hálfu sem gætu réttlætt það að hún hafi verið með barnsföður sínum:

Þabbi stelpunnar er skrýttinn hann hefur alltaf verið það. Hann var að smygla dópi og var tekinn fyrir það. Ég gat ekki verið með honum enda var ég ekki ástfangin af honum ég veit ekki hvað var að mér.

Sigrún hefur svipaða sögu að segja. Hún á einnig á 2 börn með tveim mönnum var sífellt að leita að viðurkenningu hjá karlmönnum og mat sjálfa sig út frá barnsfeðrum sínum. Hún sagði: „Ég var svo aumingjagóð og meðvirk....Ég fór að gera mér einhverja vonir með hann en hann er þá bara alkahólisti og er að þróa sinn sjúkdóm”. Sigrún telur að val sitt á barnsföðurnum með hennar eigin veikleika að gera. Hún metur sjálfa sig út frá vali sínu á honum og undirstikar því hversu gölluð hún var.

Olga metur sig annarsflokks einstakling út frá barnsföður sínum og sambýlismanni til margra ára. Hún á eina sambúð að baki og á 2 börn með fyrrum sambýlismanni sínum. Sambýlismaður hennar og barnsfaðir átti við vímuefnavanda að stríða alla þeirra sambúð sem litaði öll samskipti þeirra:

Ég setti mér bara að þetta skippti engu máli af því að ég skippti engu máli. Þannig að eftir það fór ég alveg í spiral niður að þora ekki að segja neitt. Ekki gegn neinu og játaði bara öllu....Hann var náttúrulega sífellt í neyslu.

STUÐNINGSLEYSI

Lítill stuðningur frá barnsfeðrum, ættingjum og hinu opinbera hefur gert konunum erfitt fyrir að fóta sig á vinnumarkaði. Það sem einkennir alla þátttakendur er að þeir lifa við fátækt. Tíðir búferlaflutningar og vinnuskipti einkenna einnig líf þeirra. Þær áttu það allar sammerkt að á vissum tímum höfðu þær ekki frekari úrræði til að komast af nema með aðstoð hins opinbera.

Eygló fór að heiman frá sér 16 ára vegna erfiðra heimilisaðstæðna þar sem móðir hennar beitti hana líkamlegu og andlegu ofbeldi. Hún fór í sambúð með manni sem hafnaði henni þegar hún varð ófrísk og rak hana á dyr: „Hann rak mig út úr íbúðinni og vildi ekkert með mig hafa þegar hann vissi að ég var ólétt”. Jafnframt talar Eygló um höfnun fyrrum sambýlismanns á barni þeirra þar sem hann hefur neitað að gangast við því og hefur aldrei haft afskipti af því frá fæðingu þess: „Hann hafnar henni alveg og hefur ekkert haft samband við hana”. Sigrún og Rósa eignuðust báðar börn 16 ár. Þær fór þá báðar að heiman eins og Eygló þar sem þær höfðu hvorki stuðning frá foreldrum né frá barnsfeðrum. Nína eignaðist sitt fyrsta barn 18 ára og fékk að búa heima hjá foreldrum. En vegna erfiðleika í samskiptum við móður hennar gat hún ekki verið heim þegar móðir hennar var þar fyrir. Aðstæðurnar leiddu til þess að megnið af frítíma hennar þegar barnið var ekki á leikskóla var hún á flækingsi út í bæ þar til móðir hennar fór að sofa:

Hún sá um að koma stráknum í leikskólann. Svo var ég búin að vinna klukkan fjögur þá fer ég og næ í hann. Mamma var búin klukkan fimm.....Þegar hún kom heim þá fór ég. Við gátum ekki verið undir sama þaki. Ég kom svo ekki heim fyrr en allir voru sofnaðir. Þetta var orðið svo slæmt.

Þrátt fyrir að foreldrar Nínu hafi leyft henni og barni hennar að búa hjá sér voru aðstæður það erfiðar að Nína gata eytt litlum tíma með barni sínu. Vegna höfnunar og stuðningsleysis af hendi foreldra lifði Nína og barn hennar við erfiðar aðstæður sem höfðu áhrif á líðan Nínu.

Gréta talar um að þegar hún sleit sambúð við barnsföður sinn sem hafði beitt hana ofbeldi þá leitaði hún á náðir fjölskyldu sinnar en kom þar að lokuðum dyrum. Móðir hennar og systir vildu ekki skjóta yfir hana skjólshúsi þó hún væri með ungabarn og langt gengin með annað barn sitt. Hún talar um að hún hafi upplifað mikla höfnun af hálfu fjölskyldu sinnar þar sem mamma hennar beitti hana harðræði til að koma henni út þegar hún leitaði á náðir hennar:

Ég lenti í rifrildi við mömmu hún sparkaði í mig og henti mér út. Ég þurfti að fara á sjúkrahús til að láta athuga hvort ekki væri í lagi með barnið. Síðan fór ég til systur minnar en hún henti mér líka út.

Gréta leitaði þá til opinberra stofnanna og fékk inni hjá Kvennathvarfinu þar sem hún dvaldist um nokkra mánaða skeið þar sem hún hafði ekki í önnur hús að venda. Þaðan lá leið hennar inn í félagslega kerfið þar sem hún fékk stuðning frá félagsþjónustunni.

Svala talar líka um stuðningsleysi frá fjölskyldu sinni þegar hún slítur sambandi við barnsföður sinn 19 ára komin að því að fæða þeirra fyrsta barn. Hún leitað þá á náðir móður sinnar sem var ekki í ásigkomulagi til að hjálpa henni vegna áfengisvímu: „Hún er þá bara á blindafylleríi og ég hafði engan til að leita til”. Svala talaði um höfnunina sem hún hélt áfram að upplifa frá fjölskyldu sinni þegar hún er orðin uppkomin en kemst í þær aðstæður að þurfa á stuðningi að halda.

Björg talar um að hún hafi leitað oft en einu sinni á náðir opinberra aðila þegar hún bjó með barnsföður sínum sem beitti hana ofbeldi en farið aftur til hans ítrekað þar sem hún fékk ekki nægjanlegan stuðning hvorki frá hinu opinbera né aðstandendum. Hún talar um lítð samband við fjölskyldu sem gerði það að verkum að hún upplifði sig eina og án stuðnings í aðstæðum sínum: „Ég kom þarna úr Kvennaathvarfinu til baka og er bara ein. Ég held að það sem hafi vegið þyngst var það að ég var alveg alein”. Björg sagðist aldrei hafa fengið neinn stuðning eða skilning frá móður sinni og því ekki getað leitað til hennar: „Það var alltaf svo skrýtið samband milli okkar mömmu. Hún hefur aldrei skilið mig”.

VEIKINDI OG FÁTÆKT

Flestar kvennanna misstu andlega og eða líkamlega heilsu vegna aðstæðna sinna. Þær þjáðust af þunglyndi og kvíða. Þær lifðu allar við fátækt og áttu í erfiðleikum með að framfleyta sér og börnum sínum. Þær höfðu allar verið atvinnulausar frá 2 árum upp í 5 og á framfærslu hjá félagsþjónustu Reykjavíkur.

Aðstæður Eyglóar eru dæmigerðar fyrir konurnar. Hún missti heilsuna og hætti að geta unnið sem leiddi til þess að hún endar á framfærslu hjá velferðarkerfinu. Vegna lágra bóta lenti hún í vítahring fátæktar sem jók enn á vanlíðan hennar:

Ég var á atvinnuleysisbótum að leita mér að vinnu endaði svo í vinnu í einhverri lítill búð. Svo dett ég bara í svo mikið þunglyndi...Ég réði ekki við mig lengur og hætti að mæta í vinnu.

Svala sem hefur unnið meira og minna frá barnsaldri flæktist einnig á milli vinnustaða og missti loks heilsuna: „Á vissum tímamarki var þrekið búið og ég bara hryn...”. Gréta á hvergi í hús að venda eftir að hún slítur sambúð við barnsföður sinn. Hún þjáist af þunglyndi og kvíða: „Mér leið alltaf svo illa og var svo mikið ein”. Hún flækist úr einu húsnæðinu í annað þar til hún kemst í húsnæði hjá Reykjavíkurborg. Gréta sagði: „Ég fór fyrst í Kvennaathvarfið svo á gistiheimili. Ég tók enga áhættu með fjölskyldu mína og fékk bara aðstoð frá félagsþjónustunni”.

Björg talar um að lífið hafi snúist um að eiga salt í grautinn og komast af þar sem hún hafði lítið fé á milli handanna og engan stuðning: „Þetta var bara að eiga mjólk í ísskápnum og koma krökkunum í leikskólann og þú veist þetta bara að komast af”. Nína hefur svipaða sögu að segja þar sem hún átti oft ekki fyrir nauðpurftum: „Það hafa komið erfiðir mánuðir þegar endar náu ekki saman”. Nína talar jafnframt um að aðstæður hennar hafi haft mikil áhrif á heilsu hennar. Hún stundaði vinnu til að reyna framfleyta sér og börnum sínum en var sífellt með verki vegna vöðvagigtar. Líkamleg og andleg vanlíðan leiddi á endanum til þess að hún varð óvinnufær:

Ég var gjörsamlega búin á því. Ég fór til læknis og sagði við hann að hann yrði að gera eitthvað því ég gat ekki sofið vegna verkja og hafði ekki gert það í eitt og hálf ár. Hann sagði að ég yrði að minnka við mig vinnu og ég fór í 50% vinnu. Það gekk ekkert betur ég var jafn slæm....Svo þarna um sumarið skrifaði læknirinn mig óvinnufæra. Þá fór ég á Féló sem sá um mig eftir það.

Áðurnefndar aðstæður leiddu síðan allar konurnar á þann stað að vera langtíma atvinnulausar og þarfnast stuðnings í formi endurhæfingar í Kvennasmiðjunni.

UNDIRBÚNINGUR OG STUÐNINGUR

Liður í að þátttakendur fari í Kvennamiðjuna felst í aðkomu félagsráðgjafa/ráðgjaf inn á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur. Félagsráðgjafi/ráðgjafi leggur til umsækjanda, skoðar félagssögu hans og metur hvort viðkomandi fellur í þann hóp sem úrræðið er ætlað fyrir. Venjulega hefur umsækjandi verið hjá félagsráðgjafa/ráðgjafa um nokkurn tíma þegar að umsókn kemur. Í sumum tilfellum hafa þátttakendur verið undirbúnir fyrir þátttöku með því að vera í reglulegum viðtölum eða fara á sjálfsstyrkingarnámskeið. Þessi vinnuregla hefur þó ekki verið samræmd yfir þjónustumiðstöðvar heldur farið að mestu eftir stefnu inn á hverri þjónustumiðstöð fyrir sig.

Konurnar tala um mismunandi undirbúning fyrir þátttöku í endurhæfingunni. Sumar hafa engan undirbúning fengið þegar aðrar tala um góðan undirbúning og að verkefnið hafi verið vel kynnt fyrir þeim. Átta kvennanna tala um að hafa fengið góðan undirbúning og stuðning fyrir þátttöku en tvær að það hafi verið tilviljunarkennt að þær komust inn í Kvennasmiðjuna.

Björg talar um að hún hafi verið með félagsráðgjafa á þeim tíma sem hún var atvinnulaus og þurfti að leita sér stuðnings. Hún upplifði þann stuðning ekki sem markvissan og fannst hún sífellt vera að fá nýja félagsráðgjafa. Einnig talar hún um að hugmyndin að þátttöku hennar í endurhæfingunni hafi komið frá henni sjálfri. Björg sagði:

Mér finnst ég alltaf hafa verið með einhvern félagsráðgjafa þó ég hafi ekkert verið að mæta reglulega....einu sinni var ég með einhverja góða sem reyndist mér vel. Svo hættir hún og ég hringi í eitthvert skiptið....ég hafði þá heyrt af Kvennasmiðjunni eða skólanum.... og þá hringi ég í þennan ráðgjafa. Þá var ég að tala um þenna skóla við hann.

Það er enginn aðdragandi eða undirbúningur að þátttöku Bjargar og hún virðist hafa upplifað að það hafi verið tilviljunarkennt að hún komst í Kvennasmiðjuna. Ekki er um að ræða neina markvissa vinnu áður eða markmið sem unnið var að í aðdraganda að þátttöku hennar. Björg sagði: „Það var ekki neinn undirbúningur. Ég vissi ekkert út á hvað Kvennasmiðjan gekk þegar ég byrjaði. Ég hélt bara að þetta væri einhver skóli”. Hún talar jafnframt um að hún hafi ekki fengið stuðning til að byrja með frá félagsráðgjafa. Það hafi haft áhrif á hvernig hún upplifði sambandsleysi við stjórnendur verkefnisins. Upplýsingar um fyrirkomulag endurhæfingarinnar hafi verið ábótavant þar sem hún hafði ekki sinn stuðningsaðila: „Ég hafði í raun engan félagsráðgjafa sem hélt utan um þetta hjá mér til að byrja með”. Björg talar um að þetta hafi breyst þegar leið á endurhæfinguna þar sem hún hafi þá fengið sinn félagsráðgjafa sem veitti henni góðan stuðning og ráðgjöf það sem eftir var Kvennasmiðjunnar: „Svo tók annar við og hún stóð sig mikið betur”.

Gréta sagði eins og Björg að hún hafið alltaf verið með félagsráðgjafa áður en til þátttöku kom í Kvennasmiðjunni: „Ég var alltaf með félagsráðgjafa og á framfærslu hjá félagsþjónustunni”. Hún talar jafnframt um að hún hafi sjálf stungið upp á því við sinn félagsráðgjafa að fara í Kvennasmiðjuna þar sem hún hafði heyrt af henni hjá vinkonu sinni:

Já bæði og ég spurði um þennan skóla. Ég sá svo mikla breytingu á vinkonu minni sem hafði fengið að fara í Kvennasmiðjuna. Hún sýndi mér bækurnar sínar. Mér fannst æðislegt að hún fengi að læra á tölvu..... Hún talaði svo mikið um t.d. sjálfstraustið.

Gréta fékk undirbúning og stuðning áður en hún byrjaði í Kvennasmiðjunni. Sama á við Svölu, Eygló, Láru, Olgu, Sigrúnu, Rósu og Nínu. Sex kvennanna sögðu að þeim hafi verið boðið af sínum félagsráðgjafa/ráðgjafa að taka þátt í endurhæfingunni. Þeim hafi verið kynnt hvað fælist

í henni og þær undirbúnar fyrir þátttöku. Tveim þeirra var boðin þátttaka af lækni hjá Tryggingastofnun sem síðan vísaði þeim til félagsráðgjafa/ráðgjafa inn á þjónustumiðstöð. Elva sagði að hún hafi lítið velt því fyrir sér hvað fælist í endurhæfingunni. Hún sagði megin ástæðuna fyrir því að hún tók þátt í upphafi hafi verið vegna þess að hún sá fram á að hún fengi hærri bætur hjá Tryggingastofnun. Það hafi verið aðalatriðið fyrir hana til að byrja með:

Hún sagði mér bara út á hvað þetta gekk. Sem sagt að þetta væri samstarfsverkefni Félagsþjónustunnar og Tryggingastofnunar. Þar sem ég sá náttúrulega aðallega við þetta þarna var bara að ég hefði ágætt upp úr þessu. Peningalega séð. Ég fékk endurhæfingarlífeyririnn og ég fékk lífeyrir með börnunum og þarna fékk ég meiri pening.

Elva talaði um að þessi hugsunarháttur hafi einkennt konurnar í hennar hóp til að byrja með. Þær hafi fyrst og fremst tekið þátt í verkefninu þar sem þær sáu fram á auknar tekjur. Þetta hafi þó breyst þegar á endurhæfinguna leið:

Veistu það að meirihlutinn af konunum þá var það þetta. Þarna höfðum við meira en þessa sjúkradagpeninga og framfærsluna, við höfðum meiri pening. Hugsunin er þarna.....fyrst.

Sumar kvennanna sögðust hafa fengið markvissan stuðning meðan á endurhæfingu stóð. Átta þeirra sögðust hafa haft markvissan stuðning allt tímabilið. Tvær kvennanna sögðust hafa orðið fyrir því að mannaskipti hafi valdið því að stuðningur varð ekki eins markviss frá félagsráðgjöfum.

Svala sagðist hafa haft góða stuðning fyrir þátttöku og í byrjun endurhæfingarinnar. Þá hafi verið skipt um félagsráðgjafa sem veitti henni mun minni stuðning. Þessi mannabreyting haft mikil áhrif á hvernig henni gekk að fá áframhaldandi endurhæfingu að Kvennasmiðjunni lokinni. Svala sagði:

Þessi félagsráðgjafi sem ég var með var mjög ákveðin og hjálpar mér rosalega en hún fer svo í barneignarleyfi. Ég fæ þá annan félagsráðgjafa sem er ekki að standa sig í stykkinu sem slíkur og ég eyddi sumrinu í að reyna að komast í skóla og á endurhæfingarlífeyrir. Ég fékk neitun upphaflega.

SJÁLFSMYND OG LÍFSGÆÐI EFTIR ÞÁTTTÖKU Í KVENNASMIÐJU

Flestar konurnar áttu það sammerkt að upplifa aukið sjálfstraust eftir þátttöku í Kvennasmiðjunni. Fimm af þeim hafa ýmist farið í skóla eftir þátttöku eða út á vinnumarkaðinn. Einungis ein konan talar um að þátttakan hafi ekki breytt líðan hennar eða aðstæðum. Hún var metinn 65% öryrki eftir að hún hafði lokið Kvennasmiðjunni og aðstæður hennar eru að öðru leyti þær sömu og áður en hún tók þátt í Kvennasmiðjunni. Níu af tíu konum upplifðu að þær hafi fengið þann stuðning og fræðslu sem þær skorti í uppvextinum og sem ungar mæður.

SJÁLFSMYND

Konurnar áttu það allar sammerkt að vera með skerta sjálfsmynd fyrir þátttöku í endurhæfingunni.

Elva upplifir mikla breytingu á sjálfri sér og aðstæðum sínum eftir þátttöku í Kvennasmiðjunni. Henni finnst hún hafa öðlast meira sjálfstraust sem hjálpaði henni að komast úr erfiðu sambandi við barnsföður sinn. Hún talar um að liður í aukinni sjálfsvirðingu hafi komið vegna samneytis við hinar konurnar sem voru með henni í endurhæfingunni þar sem þær koma úr svipuðum aðstæðum og hún og deila svipaðri reynslu:

Raunverulega hjálpar Kvennasmiðjan mér að því leytinu til að sjálfsvirðingin kemur þarna, Ég vil ekki láta bjóða mér þetta lengur. Það voru mikið til konur þarna sem voru í sömu aðstöðu og ég. Voru með svona menn í eftirdragi og það byggðist eitthvað upp. Sjálfsmatið kemur.

Elva talar líka um að eftir að þátttöku hennar lauk í Kvennasmiðjunni hafi hún hafið alveg nýtt líf: „Líf mitt hefur tekið algjöra U beygju.“. Hún talar um breytta stöðu í samfélaginu þar sem hún býr nú í eigin húsnæði og er komin í sambúð og út á vinnumarkað. Eygló talar um að þátttakan í Kvennasmiðjunni hafi hjálpað henni og bætt líðan hennar. Hún hafi öðlast aukið sjálfstraust, bætt hana í uppeldishlutverkinu. „Ég bara fann sjálfstraustið í mér brjótast út ég er betri móðir“. Hún talar um að staða hennar í dag sé allt önnur. Framtíðarsýn hennar án þess að hafa farið í gegnum endurhæfinguna er svört, þar sem hún sér sig þá á götunni:

Þetta er allt annað líf og ég þakka það Kvennasmiðjunni. Ef ég hefði ekki farið í hana þá veit ég bara ekki hvað, þá væri ég örugglega bara á götunni núna

Olga talar um að Kvennasmiðjan hafi hjálpað henni sérstaklega hvað varðar sjálfsmynd hennr. Olga sagði: „Ég er öruggari með sjálfa mig. Öruggari með það að ég er eins og ég er“. Rósa

upplifir jafnframt að sjálfsmynd hennar sé mun betri nú. Hún hefur meiri trú á að hún nái þeim markmiðum sem hún hefur stefnt að etir að hún lauk Kvennasmiðjunni: „Ég hef trú á sjálfri mér...og ætla mér að komast í vinnu þegar ég hef klárað námið og náð betri tókum á þessu öllu”.

Björg talar einnig um að aðstæður sínar séu allt aðrar en fyrir þátttöku í endurhæfingunni þar sem hún upplifir stöðu sína í samfélaginu á mun jákvæðari hátt:

Nú er maður hluti af þjóðfélaginu,...meira. Ég meina....ég er ekkert síðri heldur en aðrir. Það var mikil uppbygging þarna í Kvennasmiðjunni sem gerði manni svo gott.

Bætt sjálfsmynd er sá þáttur sem flestar konurnar tala um eftir þátttöku í Kvennasmiðjunni. Níu kvennanna eiga það sameiginlegt að sjálfstraust þeirra hafi aukist. Einnig að þær hafi séð fram á aðra möguleika og betri stöðu í lífinu en verið hefur.

Ein kvennanna Lára sker sig úr hvað þetta varðar og talar um að aðstæður hennar hafi ekkert breyst eftir þátttöku. Sjálfsmynd hennar, aðstæður og líðan er óbreytt frá því að hún lauk endurhæfingunni. Hún talar um að þáttur í því að staða hennar er eins í dag sé vegna þess að hún þarf að leita aðstoðar hjá velferðarkerfinu til að komast af. Lára sagði:

Mér leið alltaf svo illa. Það hefur ekkert breyst. Það var sótt um örorku en ég fékk bara 65% örorku þannig að ég er alltaf að fá uppbót frá “Féló” á móti. Bæturnar eru svo lágar. Nei það hefur ekkert breyst.

FJÖLSKYLDUTENGL

Flestar kvennanna finna breytta stöðu innan stórfjölskyldu sinnar og í samfélaginu eftir þátttöku, eða átta af tíu. Þær er í meiri og betri samskiptum við marga ættingja sína.

Eygló talar um að tengsl við ættingja séu nú betri en áður og telur það vera vegna þeirrar breytingar sem varð á henni við að taka þátt í Kvennasmiðjunni: „Ég er allt öðruvísi í dag og tengsl við aðra í kringum mig mikið betri”. Eygló tók upp samband við móðurættingja sína nýverið sem hefur ekki verið til staðar vegna erfiðleika í samskiptum af hálfu móður hennar. Hún þakkar endurhæfingunni það að í dag getur hún tekið sjálfstæðar ákvarðanir varðandi hverja hún umgengst:

Ég hef samband við móðurfólkið mitt. Ég læt ekki ákvarðanir mömmu minnar hafa áhrif á mig. Ég ákvað að ég skyldi fara og kynna þessu fólki á minn hátt.

Þetta hefur einnig komið fram hjá Elvu, Svövu, Grétu, Olgu Sigrúnu og Rósu. Þær tala um að það sé borin meiri virðing fyrir þeim og að samskipti séu nánari og betri eftir þátttöku. Gréta talar um að: „þau taka meira mark á því sem ég segi“. Elva talar um: „ég er búin að öðlast meiri virðingu....samskiptin eru bara á allt öðrum nótum“. Svava sagði: „ég er svona höfuð fjölskyldunnar“.

Björg talar um að þrátt fyrir milar breytingar á sjálfri sér og aðstæðum sínum við að hafa tekið þátt í Kvennasmiðjunni hafa samskipti hennar við ættingja hennar ekki breyst. Samband hennar við föður og móður hefur verið lítið frá því hún fór að heiman 16 ára: „Samband við pabba og mömmu hefur ekkert breyst og það er lítið samband við ættingja“. Sama á við með Nínu sem hefur átt í erfiðum samskiptum við móður sína frá barnæsku. Samskiptin við fjölskylduna hafa lítið breyst þar sem móðir hennar stjórnar fjölskyldunni og hvernig samskiptin ganga fyrir sig: „Ég reyni að hafa samskiptin sem minnst þá er ég ekki að lenda í árekstrum við hana“.

Lára er sú kvennanna sem talar um að vera hennar í endurhæfingunni hafi engu breytt fyrir hana. Þó talar hún um að samskipti við ættingja hafi aðeins breyst til batnaðar við þátttöku í Kvennasmiðjunni. „Ég er farin að hafa aðeins samband við systur mína en það var ekkert samband áður“.

STUÐNINGUR FRÁ HINU OPINBERA

Einnig tala flestar konurnar um mikilvægi þess að vera ekki ekki lengur inni í opinbera kerfinu eða átta af tíu.

Björg sér stöðu sína einnig breytta hvað varðar að þiggja aðstoð eða stuðning frá hinu opinbera. Hún vill ekki vera lengur með stuðning, þar sem henni hefur alltaf leiðst það og fundist það minnkun. Í dag finnst henni hún ekki þurfa á þessum stuðningi að halda þó hún gæti fengið hann. Henni finnst nú að hún ráði fyllilega við aðstæður sínar og það sé líka liður í auknu sjálfstrausti hennar og að halda því. „Ég er bara ekki lengur þar, ég get séð um mig sjálf og þarf ekki lengur þennan stuðning“.

Svala sem er að ljúka námi er búin að ákveða að fara að vinna þar sem hún vill standa á eigin fótum. Hún telur það lið í bættum aðstæðum sínum að þurfa ekki stuðning frá félagslega kerfinu:

Ég er búin að ákveða að fara að vinna eftir á og ætla ekki að vera með félagsráðgjafa. Ég lít á það sem lið í þessu að þurfa ekki frekari stuðning þarna....þó það hafi verið gott meðan maður þurfti á því að halda.

Elva talar einnig um mikilvægi þess fyrir sig að hafa komist út úr kerfinu og geta staðið á eigin fótum. Hún hefur einnig metið það sem svo að hún þurfi ekki frekari stuðning og setti sér þau markmið að: „komast út úr kerfinu“, þar sem hún hafi nú orðið stjórn á sínum aðstæðum og

hafi skapað sér sess í samfélaginu. Þetta hafi verið lokamarkmið hennar þegar hún var að ljúka endurhæfingunni: „Lokamarkmiðið var svo að komast út úr “Féló” og öllu þessu batterí”.

Eygló hefur ekki verið með stuðning frá hinu opinbera undanfarið eða eftir að hún lauk Kvennasmiðjunni. Hún stendur á eigin fótum en talar þó ekki sérstaklega um að það sé eitthvað sem er henni mjög mikilvægt eins og flestar hinar konurnar. Aftur á móti kom hún inn á það að hún þyrfti aðstoð vegna húsnæðisaðstæðna. Húsnæðisstaða hennar sem er óviðunandi að hennar mati og getur verið liður í því þar sem hún leigir félagslegt húsnæði og breyting á búsetu heyrir undir þjónustumiðstöðvarnar ef hún ætlar að vera áfram í félagslegu leiguhúsnæði. Því er hún bundin því að leita þangað aftur ef hún vill fá flutning í annað húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar.

Olga, Rósa og Nína eru enn í námi og þurfa ástuðningi að halda þar sem þær fengu framlegningu á endurhæfingu eftir að Kvennasmiðju lauk. Þær stefna allar á að standa á eigin fótum að því tímabili loknu. Sigrún er komin í vinnu og hefur ekki stuðning frá félagsráðgjafa eða Velferðarsviði Reykjavíkur.

Lára er eina konan sem talar um að þátttaka hennar í Kvennasmiðjunni hafi ekki breytt neinu um líðan hennar og aðstæður: „Kvennasmiðjan hjálpaði mér ekki til að líða betur það hefur ekkert breyst”. Hún talar um að vera enn í sömu stöðu og hún var fyrir þátttöku þar sem hún þarf á fjárhagsaðstoð að halda þar sem bætur hennar frá Tryggingastofnun ríkisins séu svo lágar. Hún upplifir niðurlægingu vegna þess að hún þarf að leita til velferðarkerfisins til að geta framfleytt sér og börnum sínum: Ég vil ekki vera alltaf á “Féló” ég skammast mín fyrir það”. Kvennasmiðjan virðist því ekki henta öllum konum sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi og félagslega erfiðleika eins og fram kemur hjá fyrrnefndri konu.

SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR

Rannsókn þessi fjallar um endurhæfingarúrræðið Kvennasmiðjuna. Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu af endurhæfingu einstæðra kvenna sem hefur gengið illa að fóta sig á vinnumarkaði og í námi vegna félags- og/eða heilsufarslegra aðstæðna. Kvennasmiðjan er þróunarverkefni sem sniðið hefur verið að þörfum áðurnefnds hóps. Verkefnið miðar að því að bæta lífsgæði þátttakenda og styðja þá út á vinnumarkað eða í frekara nám. Konurnar sem taka þátt í Kvennasmiðjunni eiga það allar sameiginlegt að hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að stríða. Þær hafa verið notendur félagslegrar þjónustu oft til margra ára vegna félagslegs, fjárhagslegs og tilfinningalegs vanda. Flestar konurnar sem lokið höfðu Kvennasmiðjunni áttu það sameiginlegt að finnast lífsgæði þeirra meiri en fyrir þátttöku auk þess sem sjálfsmynd þeirra var betri og samskiptin í fjölskyldunni höfðu batnað til muna

Að lokum er hér tekið saman nokkrar af þeim niðurstöðum sem eru hvað athyggilis verðastar og lærdómsríkastar. Félagslegar aðstæður kvennanna, þ.e. heimilisaðstæður og uppeldisskilyrði hafa haft mjög mikið að segja um hvernig lífshlaup þeirra hefur orðið. Foreldrar þeirra sjálfir bjuggu við félagslega erfiðleika sem var liður í að skapa þeim erfið uppeldisskilyrði. Á þessu má sjá að mikilvægt er að veita foreldrum stuðning sem búa við slíkar aðstæður svo rjúfa megi hinn félagslega arf. Kvennasmiðjan er slíkt úrræði sem vonandi getur verið liður í að styðja við foreldri sem býr við félagslega og eða heilsufarslega erfiðleika. Einnig er mikilvægt að beina sjónum að því að veita foreldrum við slíkar aðstæður nægilegan stuðning til þess að börn þeirra

geti náð að upplifa sig jafnfætis öðrum börnum í samfélaginu svo sjálfmynd þeirra bíði ekki skaða.

Menntakerfið og aðrar stofnanir sem koma að málefnum fjölskyldna og barna hefur í flestum tilvikum brugðist konunum sem voru þátttakendur í rannsókninni. Flestar kvennanna áttu við námsörðuleika að stríða hvort sem það hefur verið vegna líffræðilegra þátta eða félagslegra þá fengu þær ekki stuðning frá hinu opinbera. Konurnar bjuggu meira og minna við veikindi, ofbeldi og drykkju inn á heimilum sínum. Einungis ein þeirra talar um afskipti barnvaverndaryfirvalda. Almennt höfðu þær engan stuðning hvorki frá nánasta umhverfi sínu eða samfélaginu. Hér sést mikilvægi þess að börn og fjölskyldur þeirra fái stuðning frá skóla og opinberum stofnunum til þess að þau nái eðlilegum þroska og geti lifað við mannsæmandi lífskjör svo að ekki hljótist skaði af.

Rannsóknin sýndi að allar konurnar lifðu við fátækt og bág kjör eftir að þær stofnuðu heimili sjálfar. Snerist líf þeirra að mestu um að komast af með börn sín. Þær skorti þekkingu til að nýta sér þau úrræði sem stóðu til boða í samfélaginu vegna þeirra aðstæðna sem þær koma úr. Stuðningsleysi stórfjölskyldna og barnsfeðra kvennanna hafði hér einnig mjög mikið að segja. Sífelldir flutningar og tíð vinnuskipti ásamt litlum stuðningi frá samfélaginu leiddi til þess á endanum að þær misstu flestar heilsuna. Þær urðu óvinnufærar sem leiddi síðan til þess að þær enduðu sem notendur hjá velferðarkerfinu. Vegna langtíma atvinnuleysis og lágra bóta lentu þær síðan í vítahring fátæktar sem jók enn frekar á vanlíðan þeirra. Þegar hér er komið sögu grípur hið opinbera inn í og áður nefnd staða kvennanna varð síðan til þess að þær fara í endurhæfingu í Kvennasmiðjunni.

Stuðningur við konurnar fyrir og á meðan þátttöku stóð er mismunandi. Sumar kvennanna upplifa markvissan og góðan stuðning frá félagsrágjöfum. Aðrar tala um ör mannskipti og ómarkvissan stuðning. Misræmi virðist vera á milli þjónustumiðstöðva hvernig staðið er að undirbúningi fyrir þátttöku í endurhæfingunni. Markviss og góður undirbúningur ásamt stuðningi er stórt atriði í að endurhæfingin skili sér til þátttakenda. Mikilvægt er að samræama undirbúning að þátttöku þar sem konurnar fara í viðtöl og sjálfstyrkingu. Einnig er mikilvægt að þær séu í reglulegu sambandi við sína félagsráðgjafa sem veita þeim ráðgjöf og stuðning á tímabilinu. Aðstoði þær við að fóta sig eftir útskrift og hjálpa þeim til sjálfshjálpar.

Í rannsókninni kom fram breytingin sem varð á högum og lífsgæðum kvennanna eftir þátttöku í endurhæfingunni. Flestar konurnar eða 9 af 10, upplifa mikla breytingu á högum sínum og þá fyrst og fremst bættu líðan og aukið sjálfsmati. Þær hafi bætti við sig þroska og fengið leiðréttingu á því sem upp á vantaði fyrir á lífsleiðinni. Skoðanir þeirra samræmast því skoðunum sem komur fram í könnuninni hér að framan. Flestar Kvennanna sem tóku þátt í viðtalsrannsókninni eða níu þeirra tala um breytta stöðu í samfélaginu og bætt samskipti við sína nánustu þar sem þær upplifa meiri virðingu af hendi þeirra. Svipað kemur einnig fram í könnunni. Jafnframt hafa flestar konurnar í viðtalsrannsókninni fengið metnað fyrir því að standa á eigin fótum. Þær telja sig ekki þurfa á stuðningi hins opinbera að halda lengur eða þá að þær stefni að því að þurfa hann ekki í nánustu framtíð. Nú sé staða þeirra þannig að þær séu færar um að sjá um sig og sína sjálfar. Af þessu sést hve stuðningur við einstaklinga í fyrrgreindum aðstæðum skilar miklu þó um stutt ferli sé að ræða.

Ef gripið væri fyrir inn með slíkan stuðning mundi það að öllum líkindum spara börnum og fjölskyldum þeirra þjáningu, ásamt því að stuðla að auknum mannaúði í samfélaginu og spara fjárútlát þegar til lengri tíma er litið.

Hér kemur framan eins og í könnuninni á árangri af endurhæfingu í Kvennasmiðjunni að konurnar sem rætt var við í viðtalsrannsókninni telja að þátttaka þeirra í Kvennasmiðjunni hafi haft mikil áhrif á líðan þeirra. Þær upplifa flestar aukið sjálfsmat og meta lífsgæði nú meiri en áður. Einnig að með þátttöku hafi þær verið að fá þann stuðning og fræðslu sem þær skorti í uppvextinum og sem ungar mæður.

Þátttaka sumra kvennanna hefur haft mjög rötæk áhrif þar sem þær upplifa alveg nýja sess í samfélaginu. Hún hefi gert þeim kleyft að hefja nýtt líf þar sem þær hafa sagt skilið við opinbera þjónustu eins og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur. Flestar konurna upplifa veru sína í félagslega kerfinu sem stimplun. Þær hafa einnig flestar sett sér það markmið að komast út úr hinu opinbera kerfi og telja það lið í bættri sjálfsmynd og bættum lífsgæðum. Á þessu má sjá hversu mikilvægt það er að gera einstaklingum kleyft að ná valdi á eigin lífi og aðstæðum. Valdefling til einstaklingsins er því mikilvægur liður í að viðkomandi geti upplifað sig sem nýtan þjófélagsþegn en ekki sem afætu á samfélaginu sem sífellt þarf á stuðningi að halda og sé því hjálparlaus án kerfisins. Því er mikilvægt að að ljúka endurhæfingu með þeim formerkjum að styðja konurnar til sjálfshjálpar og gera þeim þannig kleyft að fóta sig sjálfar á vinnumarkaði eða skóla.

LOKAORÐ

Könnunin sem gerð var á líðan og aðstæðum 64 kvenna sem lokið hafa endurhæfingar úrræðinu Kvennasmiðjunni fyrir meira en ári síðan varpar nokkru ljósi á þau áhrif sem konurnar telji að endurhæfingin hafi haft á líf þeirra og stöðu eins og hún er í dag. Konurnar meta lífsgæði sín nú mun betri, sjálfsmynd jákvæðari og möguleika þeirra til þátttöku í atvinnulífi og samfélaginu betri nú en áður. Samkvæmt þeim niðurstöðum hefur endurhæfingin haft mjög jákvæð áhrif á líf nær allra kvennanna þar sem 59 (92%) þeirra telja lífsgæði sín betri nú og 60 (94%) þeirra telja sjálfsmynd þeirra einnig mun betri. Meirihluti kvennanna eru ýmist í vinnu eða skóla eða 46 (71%) þeirra. Konurnar tengja ekki saman stöðu sína á vinnumarkaði og lífsgæði þar sem ekki er marktækur munur á mati á lífsgæðum eftir atvinnustöðu. Þó telja allar konurnar sem eru í námi lífsgæði sín meiri nú en áður. Mikið brottfall er úr hópum Kvennasmiðjunnar þar sem það eru einungis 69 konur sem hafa útskrifast af 116 frá upphafi til ársins 2007 eða 59 prósent þeirra. Einnig kemur það fram í viðtalsrannsókninni að endurhæfingin hentar ekki einni konunni þar sem engar breytingar hafa orðið á líðan hennar og aðstæðum við þátttöku þó að bakgrunnur hennar viðrist vera sami og hinna kvennanna. Jafnframt kemur fram í könnuninni sem gerð var hjá konum sem lokið höfðu Kvennasmiðjunni að 15 (23,4%) kvennanna voru öryrkjar sem ekki stunda vinnu eða nám. Af þeim voru 12 konur sem töluðu um að þær hefðu þurft frekari stuðning að Kvennasmiðjunni lokinni. Konurnar 12 eiga það allar sameginlegt að vera 75% öryrkjar sem hvorki stunda vinnu eða nám.

Til að ná fram meiri árangri gæti verið mikilvægt að geta greint betur fyrir þátttöku, aðstæður og þarfir einstaklingana og þá hvort umrætt úrræði sé það sem henti viðkomandi. Einnig væri hægt að veita betri eftirfylgd með því að endurtaka ferlið fyrir útskrift kvennanna til að greina betur hverjar þarfir þeirra eru svo hægt sé að veita stuðning og eftirfylgd samkvæmt þörfum viðkomandi svo ná megi fram enn betri árangri af endurhæfingunni. Niðurstöðurnar úr eigindlegu rannsókninni hér að framan er fyrst og fremst sjónarhorn tíu

fyrirum þátttakenda í Kvinnasmiðjunni. Hvernig lífshlaup þeirra hefur verið sem mótaði sjálfsmynd þeirra og leiddi þær á þann stað sem þær voru fyrir þátttöku. Síðan hvernig þeim hefur vegnað að lokinni endurhæfingunni. Margir þættir koma fram í rannsókninni sem ekki eru gerð skil hér eins og líðan meðan á endurhæfingu stóð, hvaða þættir endurhæfingarinnar hafi reynst þeim nýtilegastir.

Þar sem einungis er rætt við tíu konur sem er lítið úrtak er rannsóknin fyrst og fremst lýsandi fyrir aðstæður og líðan þeirra kvenna. Eins og fram hefur komið er það stór hópur sem ekki nær að nýta sér endurhæfinguna og hættir þátttöku meðan á endurhæfingu stendur. Það væri einnig mikilvægt að fá fram sjónarhorn þeirra kvenna þar sem hægt væri að skoð hvað varð til þess að þær hættu þátttöku. Hver staða þeirra er í dag miðað við stöðu þeirra sem luku endurhæfingunni. Vitað er að sumar kvennanna hættu þátttöku vegna þess að þær eignuðust börn á tímabilinu.

Mikilvægt er að efla undirbúning kvennanna fyrir þátttöku og stuðning meðan á henni stendur svo árangur verði betri af endurhæfingunni. Lítil undirbúningur og stuðningur fyrir Kvinnasmiðju og meðan á henni stendur getur verið liður í að konurnar hætta þátttöku. Einnig væri mikilvægt að greina betur aðstæður viðkomandi og þá hvort viðkomandi úrræði sé það sem hentar. Slíkt væri hægt að gera með því að konurnar færu í nákvæma greiningu á líkamlegri og andlegri heilsu bæði fyrir og eftir þátttöku sem gæti gefið skýrari mynd af því hvaða úrræði hentaði þeim best í hvoru tilfelli fyrir sig. Markviss og góður stuðningur frá félagsráðgjafa er líka mjög mikilvægur hvað þetta varðar. Einn aðili innan stýrihóps gæti tekið að sér að vinna með hverri konu og hennar félagsráðgjafa að markmiðum eftir þátttöku í Kvinnasmiðju.

Með því að skoða niðurstöður úr þessum rannsóknum og bera þær saman sjáum við að Kvinnasmiðjan er að skila góðum árangri hjá þeim sem ljúka henni. Uppeldisaðstæður og uppvaxtarsaga kvennanna er nokkuð sem rannsakandi telur vert að gefa meiri gaum, til þess að grípa fyrir inn í ferlið. Menntastofnanir, heilbrigðisstofnair og velferðarþjónusta þurfa að leggjast á eitt til að grípa fyrir inn þegar börn sína einkenni um vanlíðan og félagslega erfiðleika inn á menntastofnunum landsins s.s. leikskólum og grunnskólum. Slíkt mætti gera með því að efla forvarnir og félagslega ráðgjöf innan þessa stofnanna bæði til nemenda, foreldra og kennara.

HEIMILDASKRÁ

Anna María Jónsdóttir. (2003). *Einstakt tækifæri: Úttekt á Kvennasmiðjunni*. Óbirt rannsóknarverkefni, lokaverkefni í félagsráðgjöf við Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. (2005) sótt 07.07.2002 [Rafrænt skjal]
<http://www.velferdarsvid.is/>.

Bogdan R.C og Blikien S.K. (2003) *Qualitative research in education: an introduction to theories and method*. (4. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.

Fundargerðir stýrihóps 2001-2005.

Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks, CA: Sage.

Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and recorce* (3 útgáfa). New York: Wiley og Sons.

Velferðarsvið Reykjavíkur. (e.d.) Heimasíða Kvennasmiðjan; samstarfsverkefni Tryggingastofnunar ríkisins, Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Vesturgarðs og Miðgarðs. sótt 25. október, 2006 [Rafrænt skjal] <http://www.velferdarsvid.is/>.

VIÐAUKI 1. ÞÁTTÖKUSAMNINGUR KVENNASMIÐJUNNAR

Samstarfsverkefni Tryggingastofnunar ríkisins, Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Miðgarðs, fjölskylduþjónustunnar í Grafarvogi og Vesturgarðs, fjölskyldu- og skólaþjónustu

Þáttökusamningur og áætlun

1. GR. MARKMIÐ OG TILGANGUR

Markmið verkefnisins er að styrkja einstæðar mæður sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum um nokkurt skeið og styðja þær til sjálfshjálpar.

2. GR. ÁÆTLUN

1. HAUST 2002:

a) Sjálfsstyrkingarnámskeið á Sólvallagötu.

b) Námskeið á vegum Námsflokka Reykjavíkur þar sem áhersla verður lögð á

íslensku og ensku, heimilisbókhald. Farið verður í vettvangsferðir auk þess sem þátttakendur fá leiðbeiningu í handverki.

2. Vor 2003:

Námskeið í Hússtjórnarskólanum sem er undirbúningur undir störf í eldhúsum og mótuneytum. Meðal námsefnis eru næringarfræði, heilbrigðisfræði og vörufræði auk þess sem farið verður í eldhús vikulega.

3. Sumar 2003:

Sumardagskrá þar sem áhersla er lögð á vettvangsferðir og útivist. Þátttakendur fá 6 vikna sumarfrí

4. Haust 2003:

Framhaldsnámskeið á vegum Námsflokka Reykjavíkur. Þar sem tekið er mið af þörfum hópsins og hann undirbúinn undir undir frekara nám eða vinnumarkað.

5. Vor 2004:

Árangur verkefnisins metinn og þátttakendur undirbúnir undir útskrift, áframhaldandi endurhæfingu, nám eða vinnumarkað.

3. GR. RÉTTINDI OG SKYLDUR

FÉLAGSÞJÓNUSTAN Í REYKJAVÍK / MIÐGARÐUR, FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTAN Í GRAFARVOGI/VESTURGARÐUR, FJÖLSKYLDU- OG SKÓLAÞJÓNUSTA

Ráðgjafar Félagspjónustunnar í Reykjavík, Miðgarði og Vesturgarði veita þátttakendum stuðning og ráðgjöf varðandi fjármál, dagvistunarmál ofl. á endurhæfingartímabilinu.

ÞÁTTTAKENDUR

Þátttakendur skuldbinda sig til að taka þátt í endurhæfingunni frá upphafi til enda. Hætti viðkomandi þátttöku og eða mætingar eru óviðunandi, verður það tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins og fellur þá endurhæfingarlífeyrir niður.

4. GR. TÍMABIL ENDURHÆFINGAR

Endurhæfingaráætlunin er til 18 mánaða. Hún hefst í september árið 2002 og lýkur í febrúar árið 2004.

REYKJAVÍK, _____2002.

Þátttakandi

FÉLAGSRÁÐGJAFI





VIÐAUKI II. UMSÓKN Í KVENNASMIÐJUNA

KVENNASMIÐJAN

samstarfsverkefni Tryggingastofnunar ríkisins, Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Miðgarðs, fjölskylduþjónustunnar í Grafarvogi og Vesturgarðs, fjölskyldu- og skólaþjónustu.

UMSÓKN

1. gr. Markmið og tilgangur

Markmið verkefnisins er endurhæfing þeirra sem til lengri tíma hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu, skv. reglum Félagsþjónustunnar í Reykjavík um fjárhagsaðstoð, vegna félags- og heilsufarslegra aðstæðna sinna.

2. gr. Áætlun

Ráðgjafi viðkomandi hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík/Miðgarði/Vesturgarði, gerir áætlun um endurhæfingu með umsækjanda. Í áætlun skal koma fram hvenær endurhæfing hefst, í hverju hún felst og hvenær staða umsækjanda skal endurmetin.

3. gr. Réttindi og skyldur

Félagsþjónustan í Reykjavík / Miðgarður, fjölskylduþjónustan í Grafarvogi, Vesturgarði, fjölskyldu- og skólaþjónustu.

Framkvæmd og skipulagning

Fulltrúar Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Miðgarðs og Vesturgarðs í stýrihópi verkefnisins hafa umsjón með verkefninu og sjá um að skipuleggja og halda um endurhæfingaráætlunina.

Stuðningur og ráðgjöf

Ráðgjafar Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Miðgarði og Vesturgarði veita þátttakendum stuðning og ráðgjöf varðandi fjármál, dagvistunarmál ofl., á endurhæfingartímabilinu.

Tryggingastofnun ríkisins

Tryggingastofnun ríkisins tekur á móti umsókn um endurhæfingarlífeyri.

Þátttakendur

Umsækjendur skuldbinda sig til að taka þátt í endurhæfingunni frá upphafi til enda. Hætti viðkomandi þátttöku og eða mætingar eru óviðunandi, verður það tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins og fellur þá endurhæfingarlífeyrir niður.

Með undirskrift sinni veitir umsækjandi fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins, Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Miðgarðs, fjölskylduþjónustunnar í Grafarvogi og Vesturgarðs, fjölskyldu- og skólaþjónustu leyfi til að veita gagnkvæmar og nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við verkefnið.

Reykjavík, _____ 2007.

Umsækjandi: _____

Kennitala: _____

Lögheimili: _____

Staðfesting ráðgjafa: _____

